

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2009

Dómareifanir

2. hefti 2009 (júlí – desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Arnar Þór Stefánsson
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
2. hefti 2009 (júlí – desember)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu



Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

Frá ritstjóra

Í þessu hefti birtist úrval dóma og ákvarðana Mannréttindadómstólsins frá síðari hluta ársins 2009. Á þessu tímabili gekk enginn dómur eða rökstudd frávisunarákvörðun í máli gegn íslenska ríkinu. Samkvæmt ársskýrslu dómstólsins fyrir árið 2009 bárust 10 kærur á hendur Íslandi á árinu og bíða þær nú afgreiðslu ásamt fleiri kærum gegn Íslandi frá síðustu árum. Í mars 2009 var í fyrsta skipti í 16 ár flutt munnlega mál gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstólnum, mál Varðar Ólafssonar, en munnlegur flutningur fer aðeins fram í litlum hluta þeirra mála sem berast dómstólnum. Kærefnið lýtur að því hvort álagning iðnaðarmálagjalds samkvæmt lögum nr. 134/1993 er andstæð rétti manns til að standa utan félaga samkvæmt 11. gr. eða skattlagning sem fer í bága við 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmálann. Niðurstaðan er líkleg til að verða mikilvægt fordæmi, einkum um túlkun á inntaki neikvæðs félagaafrelsis samkvæmt 11. gr. Það er athyglisvert að síðast þegar mál gegn Íslandi var flutt fyrir dómstólnum var einnig fjallað um vernd 11. gr. sáttmálans á neikvæðu félagaafrelsi og dómurinn í því máli, *Sigurður Sigurjónsson gegn Íslandi* frá 30. júní 1993, er einn mest stefnumarkandi dómur Mannréttindadómstólsins um efnið.

Dómur í máli Varðar Ólafssonar hefur ekki enn verið kveðinn upp þegar þetta er ritað, tæpu ári eftir að málið var flutt. Það endurspeglar hið mikla vinnuálag á dómstólnum þar sem afgreiðslutíminn lengist samhliða stöðugri fjölgun kærumála. Árið 2009 bárust honum rúmlega 57 þúsund kærur, en þær voru tæplega 50 þúsund árið áður og bíða nú um 120 þúsund kærur afgreiðslu. Þau góðu tíðindi urðu í febrúar á þessu ári að Rússland fullgilti 14. viðauka við sáttmálann og mun hann taka gildi 1. júní 2010. Þar er m.a. gert ráð fyrir einfaldari málsmeðferð og nýjum kæruskilyrðum sem eiga að auka afköst dómstólsins og hraða meðferð mála. Á fundi ráðherra Evrópuráðsríkja í Interlaken í Sviss 19. febrúar sl. náðist pólitísk samstaða um frekari breytingar á skipulagi dómstólsins og er vinna til að undirbúa þær þegar hafin.

Í þeim dómum sem hér birtast kennir margra grasa. Eins og endranær eru reifaðir nokkrir dómur sem fjalla um tjáningarfrelsið í 10. gr. sáttmálans og hin vandfundnu mörk á milli skyldu ríkja annars vegar til að veita æru og mannróði lagavernd og hins vegar skyldunnar til að tryggja frjálsa opinbera umræðu um almannahagsmuni. Þá fjalla nokkrir dómanna um 6. gr. sáttmálans, þ. á m. um sönnunarfærslu í sakamálum og rétt til munnlegs málflytningu, en túlkun Mannréttindadómstólsins um þessi efni hefur þýðingu fyrir beitingu íslenskrar réttarfarsslöggjafar. Í athyglisverðum dómi, *Micallef gegn Möltu* sem yfirleidd 17 dómara kvað upp 15. október 2009, sést vel hvernig mál sem fjalla í raun um minniháttar hagsmuni geta velt upp grundvallarspurningum um túlkun sáttmálans og varpað ljósi á skýringaraðferðir dómstólsins. Málið var sprettið af ágreiningi milli nágranna um rétt til að hengja þvott á snúru í bakgarði íbúðarhúss og var borið upp við malneska dómstóla sem krafa um lögbann við því

að hengja upp þvott í garðinum. Í dómi Mannréttindadómstólsins ákvað hann, með ítarlegum rökstuðningi, að hverfa frá fyrri dómaframkvæmd sinni um að meðferð mála um bráðabirgðarástafanir á borð við lögbann félli ekki undir gildissvið 6. gr. þar sem ekki væri þar skorið úr um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti. Með vísan til þróunar í landsrétti aðildarríkjanna svo og dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins taldi Mannréttindadómstóllinn ekki lengur réttlætanlegt að flokka mál um lögbannskröfur þannig að þau féllu utan gildissviðs 6. gr. Því var kæra um að maltneskur dómari sem úrskurðaði um lögbann hefði verið óvilhallur, tekin til efnislegrar skoðunar undir ákvæðinu.

Að lokum eru færðar þakkir til þeirra sem unnu að reifunum og frágangi texta í þessu hefti, en það voru Gunnar Páll Baldvinsson laganemi og Íris Lind Sæmundsdóttir lögfræðingur og auk þeirra hafði Hrafn Bragason, fyrrverandi hæstaréttardómari, umsjón með útgáfunni af hálfu ritstjórnar.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

2. hefti 2009 (júlí- desember)

2. gr. Réttur til lífs	9
Maiorano o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 15. desember 2009	
<i>Jákvæðar skyldur stjórnvalda til að vernda líf. Skylda til rannsóknar vegna mannláta.</i>	9
3. gr. Bann við pyndingum	12
Daoudi gegn Frakklandi. Dómur frá 3. desember 2009	
<i>Hælisleitendur. Hryðjuverkamenn. Brottvísun úr landi.</i>	12
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	14
Mooren gegn Þýskalandi. Dómur frá 9. júlí 2009	
<i>Lögmæti gæsluvarðhalds. Tafir á meðferð máls um lögmæti frelsissviptingar.</i>	14
De Schepper gegn Belgíu. Dómur frá 13. október 2009	
<i>Vistun í fangelsi í forvarnaskyni. Viðeigandi meðferð.</i>	16
Shannon gegn Lettlandi. Dómur frá 24. nóvember 2009	
<i>Skilyrði gæsluvarðhalds. Tafir á meðferð máls um lögmæti frelsissviptingar</i>	18
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	21
D gegn Finnlandi. Dómur frá 7. júlí 2009	
<i>Réttur til að spyrja vitni. Sönnunargögn. Jafnræði aðila fyrir dómi.</i> ...	21
Scoppola gegn Ítalíu (sjá reifun undir 7. gr.)	
Procedo Capital Corporation gegn Noregi. Dómur frá 24. september 2009	
<i>Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll.</i>	23
Micallef gegn Möltu. Dómur frá 15. október 2009	
<i>Polandi brots. Gildissvið 6. gr. Óvilhallur dómstóll.</i>	25
Fernando Nunes Guerreiro gegn Lúxemborg. Dómur frá 5. nóvember 2009	
<i>Réttur til aðgangs að dómstólum. Málatilbúnaður aðila dómsmáls.</i>	28
Kart gegn Tyrklandi – Yfirdeild. Dómur frá 3. desember 2009	
<i>Réttur til aðgangs að dómstólum. Friðhelgi þingmanna gegn málssókn</i>	29
Koottummel gegn Austurríki. Dómur frá 10. desember 2009	
<i>Réttur til munnlegs málfutnings fyrir dómstól.</i>	31
7. gr. Engin refsing án laga	32
Scoppola gegn Ítalíu. Dómur frá 17. september 2009	
<i>Afturvirkni laga um vægari refsiviðurlög.</i>	32

Bouchacourt, Gardel og M.B. gegn Frakklandi. Dómar frá 17. desember 2009	
<i>Kynferðisafbrotamenn. Öflun og meðferð persónuupplýsinga.</i>	34
M gegn Þýskalandi. Dómur frá 17. desember 2009	
<i>Lagaheimild fyrir frelsissviptingu. Afturvirkni laga um öryggisgæslu.</i> ..	35
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	38
Zehentner gegn Austurríki. Dómur frá 16. júlí 2009	
<i>Friðhelgi heimilis. Nauðungarsala á íbúð. Gerhæfi.</i>	38
9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi	41
Kimlaya o.fl. gegn Rússlandi. Dómur frá 1. október 2009	
<i>Skráð trúfélög. Skilyrði skráningar.</i>	41
Bayatyan gegn Armeníu. Dómur frá 27. október 2009	
<i>Herskylda. Neitun að gegna herþjónustu af samviskuástaðum.</i>	43
Soile Lautsi gegn Ítalíu. Dómur frá 3. nóvember 2009.	
<i>Réttur til að menntun samræmist trúarskoðunum. Trúarleg tákni.</i>	44
10. gr. Tjáningarfrelsi	47
Féret gegn Belgíu. Dómur frá 16. júlí 2009	
<i>Útbreiðsla kynþáttahatars. Stjórnámamenn. Umræða um almannahagsmuni.</i>	47
Willem gegn Frakklandi. Dómur frá 16. júlí 2009	
<i>Hvatning til mismununar. Stjórnámamenn. Umræða um almannahagsmuni.</i>	48
Hachette Filipacchi Associés („Ici Paris“) gegn Frakklandi. Dómur frá 23. júlí 2009	
<i>Friðhelgi einkalífs. Fjölmiðlar. Birting ljósmynda.</i>	50
Kulis og Rózycki gegn Póllandi. Dómur frá 6. október 2009	
<i>Umræða um almannahagsmuni. Fjölmiðlar.</i>	51
Brunet-Lecomte og Tanant gegn Frakklandi. Dómur frá 8. október 2009	
<i>Umræða um almannahagsmuni. Fjölmiðlar. Stjórnámamenn.</i>	53
Karsai gegn Ungverjalandi. Dómur frá 1. desember 2009	
<i>Umræða um almannahagsmuni.</i>	54
Financial Times o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 15. desember 2009	
<i>Skylda til að afhenda gögn. Fjölmiðlar. Heimildarmenn.</i>	56
11. gr. Funda- og félagafrelsi	59
Danilenkov o.fl. gegn Rússlandi. Dómur frá 30. júlí 2009	
<i>Stéttarfélag. Mismunun á grundvelli aðildar að stéttarfélagi. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.</i>	59

Kimlaya o.fl. gegn Rússlandi (sjá reifun undir 9. gr.)

14. gr. Bann við mismunun..... 61

Danilenkov o.fl. gegn Rússlandi (sjá reifun undir 9. gr.)

34. gr. Kærur einstaklinga..... 61

Micallef gegn Möltu (sjá reifun undir 6. gr.)

35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt..... 61

Micallef gegn Möltu (sjá reifun undir 6. gr.)

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar 62

Zehentner gegn Austurríki (sjá reifun undir 8. gr.)..... 62

Joubert gegn Frakklandi. Dómur frá 23. júlí 2009

Skattlagning. Afturvirkni laga 62

Amato Gauci gegn Möltu . Dómur frá 15. september 2009.

Takmarkanir á uppsögn leigusamnings. Kostnaður leigusala..... 64

Moskal gegn Póllandi

Félagslegar bætur. Lækkun bóta vegna ofgreiðslu..... 65

Schembri o.fl. gegn Möltu. Dómur frá 10. nóvember 2009

Eignarnám. Almannahagsmunir. Bætur fyrir eignarnám.

Réttur til málsmeðferðar innan hæfilegs tíma. 67

Gallisay o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 22. desember 2009

Eignarnám. Ákvörðun um bætur..... 69

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar..... 71

Soile Lautsi gegn Ítalíu (sjá reifun undir 9. gr.)

2. gr. Réttur til lífs

Maiorano o.fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 15. desember 2009

Mál nr. 28634/06

2. gr. Réttur til lífs

Jákvæðar skyldur stjórnvalda til að vernda líf. Skylda til rannsóknar vegna mannláta.

1. Málsatvik

Kærendur eru Roberta Maiorano, Immacolata Maiorano, Vincenza Maiorano, Mario Maiorano, Monica Maiorano, Matilde Cristofalo, Giovanni Maiorano og Cesare Maiorano. Kærendur eru ítalskir ríkisborgarar og búa í Lecce-héraði á Ítalíu. Kærendur eru ættingjar Maríu Carmela Linciano og Valentínu Maiorano sem voru myrtar árið 2005 af manni að nafni Angelo Izzo. Árið 1975 hélt Angelo Izzo tveimur ungum konum föngnum í nokkra daga og nauðgaði þeim og misþyrmdi. Annarri þeirra tókst að komast undan og leita aðstoðar lögreglu en hina myrti Izzo. Hann var í kjölfarið handtekinn og dæmdur í lífstíðarfangelsi.

Árið 1992 hófu yfirvöld að veita Izzo tímabundin leyfi úr fangelsi. Þetta var gert þrátt fyrir að Izzo hefði verið dæmdur fyrir ýmiss konar brot meðan á afplánun stóð. Izzo reyndi m.a. að sleppa úr fangelsi með því að taka annan mann í gislingu. Skilorðsfulltrúi Izzo taldi engu að síður að hann sýndi merki iðrunar fyrir brot sín. Izzo var handtekinn árið 1993 í Frakklandi með fölsuð persónuskilríki og umtalsvert magn peninga í förum sínum. Lögregla taldi ljóst að skipulögð glæpasamtök hefðu veitt Izzo hjálp á flóttanum. Í kjölfarið var Izzo gert að ljúka afplánun dómsins í fangelsi.

Frá og með árinu 1999 var Izzo á ný veitt tímabundið leyfi úr fangelsi. Var byggt á því að hann hefði sýnt góða hegðun. Í október 2001 veitti dómari Izzo heimild til að yfirgefa fangelsið að því tilskildu að hann ætti ekki reglubundin samskipti við nokkurn mann sem væri á sakaskrá. Lögregla handtók síðar Izzo í hótélherbergi, eftir að hann hafði þar átt samskipti við nokkur ungmenni sem voru lögreglu kunn. Á meðal þeirra var sonur eins af fyrrverandi samföngum Izzo.

Hinn 15. nóvember 2004 veitti dómari Izzo leyfi úr fangelsi. Ákvörðunin byggðist á skýrslu geðlæknis og skilorðsfulltrúa sem mæltu með leyfisveitingunni. Samkvæmt því skipulagi sem dómari mælti fyrir um átti Izzo að búa á tilteknum stað utan fangelsisins en varð að gista á næturnar innan þess. Honum var bannað að eiga regluleg samskipti við síbrotamenn. Honum var gert að sækja vinnu hjá samtökum sem aðstoðuðu við endurhæfingu fanga og utangarðsmanna.

Í ágúst 2004 tilkynnti samfangi Izzo það til lögreglu að Izzo hafði rætt

2. gr. Réttur til lífs

við hann hvort hann væri fánlegur til að myrða forseta dómstólsins sem mælt hafði fyrir um fyrirkomulagið á reynslulausn Izzo. Eftir að lögregla athugaði gögn um símtöl Izzo þótti ljóst að Izzo hefði á ný tekið upp samskipti við sibrotamenn. Annar samfangi Izzo upplýsti yfirvöld einnig um að Izzo hefði reynt að fá hann til þátttöku í glæpastarfsemi. Saksóknari taldi hins vegar rétt að bíða eftir staðfestingu á því að Izzo hefði í raun brotið af sér og sendi því ekki framangreindar upplýsingar til dómstóla.

Í samvinnu við tvo aðra menn myrti Izzo síðan Maríu Carmela Linciano og Valentínu Maiorano á meðan hann var í dagsleyfi úr fangelsi. Fyrirnefnda fórnarlambið var eiginkona samfanga Izzo en sú síðarnefnda var dóttir sama fanga. Izzo viðurkenndi að hann hefði myrt konurnar tvær án sérstaks tilefnis en tók fram að hann hefði haft unað af verknaðinum. Hann var á ný dæmdur í lífstíðarfangelsi.

Í kjölfar innri rannsóknar á máli Izzo voru dómarnir, sem veitt höfðu Izzo leyfi, vittir á þeim grundvelli að þeir hefðu ekki lagt nægilega áherslu á fyrri brot Izzo við mat sitt. Í september 2007 lögðu kærendur fram kærur gegn tilteknum ítölskum saksóknurum fyrir að hafa ekki sent upplýsingar um glæpsamlega hegðun Izzo til dómara. Ekki var brugðist við kærnum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á því að yfirvöldum hefði mistekist að veita lífi þeirra Maríu Carmela Linciano og Valentínu Maiorano nægilega vernd með því að gefa Angelo Izzo reglubundin dagsleyfi úr fangelsi.

Niðurstaða

Um efnishlið 2. gr.: Dómstóllinn ítrekaði að 2. gr. sáttmálans fæli ekki eingöngu í sér bann við því að aðildarríkin sviptu einstaklinga lífi af ásetningi og með ólögmatum hætti heldur legði hún einnig þær skyldur á ríkin að vernda líf þeirra sem væru innan þeirra lögsögu. Í sumum tilvikum gæti ríkjnum verið skylt að vernda tiltekna einstaklinga sem ljóst væri fyrirfram að væru í lífshættu. Í öðrum tilvikum væri nauðsynlegt að veita almenningi vernd gegn einstaklingum sem afplánuðu fangelsisdóma fyrir alvarlega glæpi.

Dómstóllinn fjallaði síðan um það að þegar Angelo Izzo var veitt leyfi úr fangelsi var ekki hægt að greina fyrirfram að María Carmela Linciano og Valentína Maiorano væru möguleg fórnarlömb Izzo. Af þessum sökum varðaði málið skyldu ítalska réttarkerfisins til að veita almenningi vernd gagnvart mögulegri hættu sem stafaði af þeim sem dæmdir hefðu verið fyrir ofbeldisglæpi.

Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að gera almennar athugasemdir við það fyrirkomulag sem var við lýði á Ítalíu hvað þetta varðaði. Hins vegar hefði framkvæmdin í máli Izzo verið vafasöm. Í fyrsta lagi tók dómstóllinn fram að

2. gr. Réttur til lífs

mörg atriði mæltu gegn því að Izzo yrði veitt leyfi. Benti dómstóllinn á þau brot sem Izzo framdi meðan á afplánun hans stóð og að hegðun hans benti til þess að hann bæri litla virðingu fyrir lögum og yfirvöldum. Í ljósi þess hversu alvarlegir glæpirnir voru sem Izzo var dæmdur fyrir hefði dómurum sem tóku leyfismál Izzo til skoðunar borið að vera gætnari við meðferð málsins. Í öðru lagi benti dómstóllinn á að saksóknaraembættinu hefði verið ljóst að Izzo hefði á ný hafið samskipti við síbrotamenn og sjálfur hafið að skipuleggja glæpi. Jafnvel þótt ljóst væri að saksóknari hefði talið hættuna sem stafaði af Izzo vera alvarlega og fyrirskipað lögreglu eftirlit með honum þá hefði dómara ekki verið gerð grein fyrir að æskilegt væri að Izzo yrði ekki veitt frekari leyfi úr fangelsinu.

Dómstóllinn taldi að ákvarðanir dómara um að veita Izzo reynslulausn og ákvörðun saksóknara um að senda ekki upplýsingar um hegðun Izzo til dómara hefðu brotið gegn skyldu yfirvalda til að vernda réttinn til lífs samkvæmt 2. gr. sáttmálans.

Um formlega hlið 2. gr.: Dómstóllinn tók fram að af þeim jákvæðu skyldum sem aðildarríki bæru samkvæmt 2. gr. sáttmálans leiddi að þau yrðu að sjá til þess að virkt og sjálfstætt réttarkerfi sé til staðar. Slíkt réttarkerfi yrði að geta leitt fram ástæður manndráps og refsað hinum seku hvort svo sem starfsmenn hins opinbera bæru ábyrgð á viðkomandi verknaði eða ekki. Í þessu tiltekna máli hefði morðrannsókn hafist snemma og hún leitt til þess að Angelo Izzo var dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir verknaðinn. Sérstök rannsókn hefði einnig verið framkvæmd vegna ábyrgðar starfsmanna réttarkerfisins á manndrápunum.

Hins vegar benti dómstóllinn á að þrátt fyrir að dómarnir sem ákváðu að veita skyldi Izzo reynslulausn hefðu verið áminntir vegna málsins þá hefði sambærilegum úrræðum ekki verið beitt vegna aðgerðaleysis saksóknaranna sem fengu upplýsingar um atferli Izzo. Þess vegna komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ítölsk yfirvöld hefðu ekki rannsakað með fullnægjandi hætti hvort aðilar á þess vegum hefðu borið einhverja ábyrgð á morðunum á Maríu Carmela Linciano og Valentínu Maiorano. Af þessum sökum hefði verið brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

Föður og eiginmanni fórnarlambanna voru dæmdar 10 þúsund evrur í miskabætur. Öðrum kærendum voru dæmdar 5 þúsund evrur í miskabætur.

3. gr. Bann við pyndingum

Daoudi gegn Frakklandi

Dómur frá 3. desember 2009

Mál nr. 19576/08

3. gr. Bann við pyndingum

Hælisleitendur. Hryðjuverkamenn. Brottvísun úr landi.

1. Málsvik

Kærandi, Kamel Daoudi, er alsírskur ríkisborgari, fæddur árið 1974. Hann býr í Frakklandi. Kærandi kom til Frakklands árið 1979 með foreldrum sínum. Hann gekk þar í skóla og vann síðar sem hugbúnaðarverkfræðingur. Foreldrar hans, bræður og systur búa öll í Frakklandi og eins og kærandi hafa þau öll franskan ríkisborgararétt en kærandi fékk franskan ríkisborgarétt 14. janúar 2001.

Frönsk yfirvöld telja að á árunum frá 1999 til 2001 hafi kærandi komist í tengsl við róttæka íslamska hópa og m.a. sótt þjálfun í skæruliðahernaði í Afganistan árið 2001. Kærandi var handtekinn 25. september 2001 en handtakan var liður í aðgerð sem miðaði að því að stöðva starfsemi róttækra íslamskra hópa með tengsl við Al Kaida. Kærandi var grunaður um að undirbúa sjálfsmorðsárás á sendiráð Bandaríkjanna í París. Kærandi var ákærður 2. október 2001 fyrir að taka þátt í skipulagningu hryðjuverkaárásar og fyrir að nota falsað vegabréf. Kærandi var sviptur ríkisborgarétti sínum 27. maí 2002. Þann 15. mars 2005 var kærandi sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum var gefin að sök og var dæmdur í 9 ára fangelsi. Kæranda var einnig bannað að koma aftur á franskt landsvæði að fangelsisrefsingunni lokinni. Á áfrýjunarstigi var fangelsisrefsingin stytt niður í sex ára fangelsisvist.

Í apríl 2008 lagði kærandi fram kröfu um að endurkomubannið yrði fellt niður. Í sama mánuði var kæranda sleppt úr fangelsi en um leið var hann settur í varðhald stjórnvalda útlendingamála. Þau úrskurðuðu síðan að vísa ætti kæranda úr landi og að senda bæri hann til Alsír. Kærandi óskaði eftir að fá hæli í Frakklandi og að brottvísunarákvörðunin yrði felld úr gildi. Sama dag lagði kærandi fram beiðni á grundvelli 39. gr. reglna Mannréttindadómstóls Evrópu um að dómstóllinn legði til að brottvísunin yrði ekki framkvæmd að svo stöddu. Dómstóllinn beindi þeim tilmælum til franskra yfirvalda að vísa kæranda ekki úr landi til Alsír á meðan mál hans væri til meðferðar hjá dómstólnum. Fjórum dögum síðar var kæranda gert skylt að dvelja á tilteknum stað í Frakklandi á meðan málið væri til meðferðar hjá dómstólnum. Af þessum sökum taldi franskur stjórnvísingur að ekki væri ástæða til að dómstólar fjölluðu um beiðni kæranda um að honum yrði ekki vísað úr landi. Franskur áfrýjunardómstóll hafnaði kröfu kæranda um að felldur yrði úr gildi sá hluti dóms yfir kæranda sem sneri að því að honum yrði vísað varanlega úr landi. Frönsk útlendingayfirvöld neituðu síðan kæranda um hæli í landinu og var sú niðurstaða staðfest af sérdómstól um hælisveitingar. Tekið var fram að í

3. gr. Bann við pyndingum

ljósi þátttöku kæranda í róttækum íslömskum hópum væri líklegt að kærandi yrði fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð alsírsku öryggislögreglunnar. Sérdomstóllinn taldi engu að síður að frönsk lög og alþjóðlegar skuldbindingar franska ríkisins vernduðu ekki einstaklinga sem verulega rökstuddur grunur léki á að væru sekir um aðgerðir sem brytu gegn tilgangi og meginreglum Sameinuðu þjóðanna. Var talið að þetta ætti við um kæranda. Kærandi hefur áfrýjað málinu til æðsta stjórnarsýsludómstígs Frakklands.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að yrði honum vísað úr landi til Alsír væri hætta á að hann yrði beittur ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð og að slíkt samrýmdist ekki 3. gr. sáttmálans. Hann hélt því einnig fram að þar sem hann hefði átt heima í Frakklandi frá fimm ára aldri og hefði engin tengsl við Alsír leiddi brottvísunin til of mikillar röskunar á rétti hans til einkalífs og samveru við fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að hann væri meðvitaður um þá hættu sem samfélögum stafaði af hryðjuverkum og hversu mikilvæg baráttan gegn þeim væri. Ríkjum væri því heimilt að ganga nokkuð hart fram þegar við væri að eiga einstaklinga sem tækju þátt í hryðjuverkum. Dómstóllinn yrði engu að síður að meta þá hættu sem kærandi ætti á að verða fyrir ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð ef honum yrði vísað úr landi og til Alsír.

Dómstóllinn tók fram að vitað væri að alsírsk stjórnvöld vissu hver kærandi væri og þá alvarlegu glæpi sem hann hefði verið dæmdur fyrir. Ekki skipti meginmáli að ekkert benti til þess að kærandi yrði ákærður í Alsír fyrir brotin sem hann var dæmdur fyrir í Frakklandi. Aftur á móti væri ljóst að í Alsír væru þeir sem tengdust hryðjuverkum handteknir af öryggismálaráðuneyti landsins. Handtökurnar væru ófyrirsjáanlegar og byggðust oft á takmörkuðum lagalegum grundvelli. Íðulega gætu þeir sem handteknir væru með þessum hætti ekki leitað til dómstóla vegna stöðu sinnar eða átt samskipti við lögmenn, lækni eða fjölskyldu sína. Að sama skapi sættu þeir illri meðferð og pyndingum. Dómstóllinn byggði framangreint mat sitt á skýrslum frá nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum, alþjóðlegum samtökum, bandaríska utanríkisráðuneytinu og breska innanríkisráðuneytinu. Alsírsk yfirvöld hefðu ekki sýnt fram á að þær staðhæfingar sem fram kæmu í skýrslunum væru rangar. Franski sérdomstóllinn í málefnum hælisleitenda hefði einnig talið líklegt að kærandi yrði fyrir ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð í Alsír.

Í ljósi alls framangreinds taldi dómstóllinn að franska ríkið myndi brjóta 3. gr. sáttmálans ef kæranda yrði vísað úr landi til Alsír. Dómstóllinn taldi því ekki ástæðu til að fjalla um hvort sama aðgerð myndi brjóta gegn 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 4.500 evrur í málskostnað.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Mooren gegn Þýskalandi

Dómur frá 9. júlí 2009 – Yfirdeild

Mál nr. 11364/03

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Lögmæti gæsluvarðhalds. Tafir á meðferð máls um lögmæti frelsissviptingar.

1. Málsatvik

Kærandi, Burghard Theodor Mooren, er þýskur ríkisborgari, fæddur 1963 og búsettur í Mönchengladbach í Þýskalandi. Þann 25. júlí 2002 var hann handtekinn og færður í varðhald vegna gruns um skattsvik. Lögmæti gæsluvarðhaldsins var staðfest þann 16. ágúst 2002 af undirrétti Mönchengladbach. Lögmæti kærandi krafðist aðgangs að málgögnum en án árangurs og í kjölfarið hafnaði hann tilboði ákæranda um að honum yrði greint frá innihaldi þeirra munnlega.

Kærandi kærði ákvörðun um gæsluvarðhaldið og þann 14. október 2002 vísaði áfrýjunardómstóll Düsseldorf málinu aftur til meðferðar fyrir undirrétti. Áfrýjunardómstóllinn tók ekki afstöðu til lögmætis varðhaldsins, þrátt fyrir að telja upphafleg fyrirmæli um varðhald vera í ósamræmi við landslög án þess þó að ákvörðunin teldist ógildanleg. Í október 2002 mælti undirréttur Mönchengladbach enn fyrir um gæsluvarðhald kærandi. Kæru hans var vísað frá dómi, en framkvæmd varðhaldsins var frestað að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Kærandi var leystur úr haldi þann 7. nóvember 2002 og þann 18. sama mánaðar var verjanda hans heimilaður aðgangur að málskjölum. Kærandi vísaði máli sínu til stjórnlagadómstólsins en án árangurs.

Þann 9. mars 2005 var kærandi sakfelldur í undirrétti Mönchengladbach fyrir skattsvik og dæmdur til skilorðsbundinnar fangelsisvistar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt 5. og 6. gr. sáttmálans, þar sem áfrýjunardómstóllinn hefði vísað máli hans aftur til lægra dómstigs í stað þess að ógilda fyrirmæli um varðhald, sem dómstóllinn hefði talið í andstöðu við landslög. Með því hefði kærandi verið sviptur frelsi sínu með ólögmætum hætti. Hefði það jafnframt tafið meðferð málsins fyrir dómi. Kærandi hélt því einnig fram að verjanda sínum hefði verið meinaður aðgangur að rannsóknargögnum.

Niðurstaða deildar

Dómstóllinn skoðaði kærana eingöngu með hliðsjón af ætluðu broti ríkisins á 5. gr. sáttmálans. Í dómi sínum frá 13. desember 2007 taldi deild dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kærandi samkvæmt 1. mgr.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

5. gr. Dómstóllinn komst hins vegar að einróma niðurstöðu um að ríkið hefði tvívegis brotið gegn ákvæði 4. mgr. 5. gr. sáttmálans, þar sem ekki hefði verið skorið úr um lögmæti frelsisskerðingar kæranda með skjótum hætti og yfirvöld hefðu neitað að veita verjanda hans aðgang að málskjöllum.

Þann 2. júní 2008 féllst nefnd yfirdeildar dómstólsins á beiðni kæranda um að málinu yrði vísað til yfirdeildar í samræmi við 43. gr. sáttmálans.

Niðurstaða yfirdeildar

Um 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn tók fram að áfrýjunardómstóll Düsseldorf hefði í dómi sínum frá 14. október 2002 talið að fyrirmæli um varðhald kæranda hefðu ekki verið í samræmi við formaskilyrði landslaga, þar sem ekki væri lýst í nægilegum smáatriðum þeim staðreyndum og sönnunargögnum sem grunur um brot kæranda væri reistur á. Dómstóllinn ítrekaði að þótt formaskilyrði fyrirmæla um varðhald væru ekki uppfyllt leiddu slíkir gallar ekki sjálfkrafa til þess að varðhaldið sjálft yrði talið ólögmætt í skilningi 1. mgr. 5. gr., nema um stórfellt og augljóst misræmi væri að ræða. Dómstóllinn taldi slíkt stórfellt og augljóst misræmi ekki vera til staðar og að efnisleg skilyrði þýskra laga hefðu verið uppfyllt.

Kærandi hefði jafnframt komið að sjónarmiðum sínum fyrir undirrétti Mönchengladbach, grunur um skattsvik hans væri byggður á viðskiptalegum gögnum, sem haldlögð voru á heimili kæranda, og að talin hefði verið hætta á að kærandi myndi reyna að komast undan refsingu yrði hann leystur úr haldi.

Dómstóllinn tók jafnframt fram að niðurstaða áfrýjunardómstólsins hefði verið nægjanlega fyrirsjáanleg og hefði því ekki brotið gegn hinni almennu reglu um réttaröryggi, líkt og kærandi hefði haldið fram. Í þýskum lögum væri gerður skýr greinarmunur á milli fyrirmæla, sem væru aðeins haldin smávægilegum formgöllum og þeirra sem væru ógildanleg að efni til. Áfrýjunardómstólnum bæri samkvæmt landslögum að taka afstöðu til efnisatriða málsins. Hins vegar byggðist sú ákvörðun dómstólsins að vísa málinu aftur til meðferðar undirréttarins á langri dómaframkvæmd. Með heimvísun málsins væri reynt til hins ýtrasta að sýna fram á staðreyndir með nákvæmum hætti og til að meta viðeigandi sönnunargögn. Kostir þess að taka málið fyrir aftur gætu einnig haft meira vægi en önnur óþægindi sem slík töf gæti valdið kæranda. Jafnframt taldi dómstóllinn að ákvörðunin um að senda málið aftur til lægra dómstigs hefði ekki verið byggð á geðþótta áfrýjunardómstólsins.

Varð því niðurstaða dómstólsins sú að frelsissvipting kæranda hefði verið lögmæt og í samræmi við lögmælt málsmeðferð í skilningi 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 4. mgr. 5. gr.: Með vísun til kvörtunar kæranda um að heimvísun málsins hefði valdið óréttmætri töf á málsmeðferð ítrekaði dómstóllinn að í 4. mgr. 5. gr. fælist réttur þeirra, sem væru í haldi, til að bera lögmæti frelsisskerðingar undir dómstól. Einnig ættu einstaklingar, sem haldið væri með

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

ólögmætum hætti, rétt á að fá ákvörðun dómstóla um að þeir yrðu leystir úr haldi með skjótum hætti.

Dómstóllinn tók fram að þegar áfrýjunardómstóll Düsseldorf tók ákvörðun sína þann 14. október 2002 hefði kærandi beðið endurskoðunar málsins í tæpa þrjá mánuði. Hefði því ákvörðun áfrýjunardómstólsins um heimvísun málsins tafið endurskoðun þess með óréttmætum hætti og bryti gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Að því er varðaði tálmun á aðgangi lögmanns kæranda að þeim hlutum málskjalanna sem ákærvaldið lagði fram og grunur um brot kæranda byggðist á, tók dómstóllinn fram að ekki hefði verið nægilegt að afhenda verjanda kæranda nokkurra blaðsíðna afrit af yfirliti skattrannsóknarstjóra yfir þá skatta sem kærandi átti að hafa svikið undan. Tilboð ákærvaldsins um að gefa verjanda kæranda munnlegar upplýsingar um skjölin hefðu jafnframt ekki verið í samræmi við regluna um jafnræði aðila fyrir dómi. Samkvæmt ítrekaðri framkvæmd dómstólsins væri jafnræði aðila ekki tryggt ef verjanda væri meinaður aðgangur að málgögnum, sem nauðsynleg væru til að tryggja að kærandi gæti borið lögmæti varðhalds undir dómstóla með virkum hætti.

Sú staðreynd hefði ekki bætt úr annmörkum á fyrri stigum málsmeðferðar að áfrýjunardómstóllinn hefði síðar fallist á sjónarmið kæranda um að réttindi hans hefðu ekki verið virt þar sem verjanda hans var ekki heimilaður aðgangur að málgögnum fyrr en á seinni stigum málsmeðferðar.

Niðurstaða dómstólsins var því sú að með því hefði verið brotið gegn 4. mgr. 5. gr. Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í skaðabætur og 5.650 evrur vegna málskostnaðar.

Átta dómáramur skiluðu séráliti.

De Schepper gegn Belgíu

Dómur frá 13. október 2009

Mál nr. 27428/07

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Vistun í fangelsi í forvarnaskyni. Viðeigandi meðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Georges de Schepper, er fæddur árið 1944 og er belgískur ríkisborgari. Hann er vistaður í fangelsi í Brugge. Frá árinu 1970 sat hann af sér átta fangelsisdóma vegna kynferðisbrota gegn börnum. Með dómi í janúar árið 2001 dæmdi sakadómur Antwerpen hann til sex ára fangelsisvistar fyrir nauðgun og árásir á ölögráða börn. Með sama dómi var stjórnvöldum, á grundvelli ákvæða félagsverndarlaga, falin umsjá hans í tíu ár eftir lausn úr fangelsi. Á því tímabili mátti dómsmálaráðherra annars vegar taka ákvörðun um að leysa hann undan þeirri vistun að uppfylltum tilteknum skilyrðum eða hins vegar að kveða á um vistun hans á stofnun í forvarnaskyni.

Frá árinu 2002 gerðu stjórnvöld nokkrar tilraunir til að tryggja honum vist

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

á einkageðsjúkrahúsum í því skyni að hann fengi viðunandi meðferð. Þar að auki var honum séð fyrir undirbúningsmeðferð í fangelsinu svo liðka mætti fyrir lausn þaðan. Allar þær stofnanir, sem leitað var til um meðferð fyrir kæranda, tjáðu stjórnvöldum að þær gætu ekki veitt honum viðunandi meðferð í ljósi þess hversu hættulegur hann væri enn, þrátt fyrir undirbúningsmeðferðina í fangelsinu.

Þegar kærandi hafði lokið afplánun 9. október 2006 tók dómismálaráðherra, með vísan til áðurnefndra ákvæða félagsverndarlaga, ákvörðun um vistun hans í fangelsi frá og með 10. október 2006. Ákvörðunin byggðist á skýrslum sérfræðinga um að almenningi gæti stafað hættu af kæranda yrði hann látinn laus. Niðurstaða ráðherra byggðist meðal annars á því að kærandi hefði ekki notið viðeigandi langtímameðferðar, og vísað var til endurtekinna brota hans gegn börnum, kynhneigð gagnvart þeim, hættu á misnotkun áfengis, tilhneigingu til þess að gera lítið úr gerðum sínum og algerum skorti á eftirsjá vegna brotanna. Kærandi krafðist ógildingar á ákvörðun ráðherra en án árangurs. Þann 2. janúar árið 2007 hafnaði hæstiréttur kröfum kæranda. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að vistun kæranda væri lögmæt, þar sem ákvörðun ráðherra um fyrirbyggjandi vistun dómþola í umsjá stjórnvalda á grundvelli félagsverndarlaga væri ekki þáttur í meðferð ákærvalds heldur lyti hún eingöngu að framkvæmd ráðstöfunar sem kærandi átti að sæta samkvæmt ákvörðun sakadóms.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að vistun hans byggðist á geðþóttaákvörðun, sem kveðin hefði verið upp í kjölfar afplánunar refsadóms í fangelsi. Hún hefði verið ólögmæt og bryti því í bága við 1. mgr. 5. gr. sáttmálans um rétt hans til frelsis og mannhelgi. Hann hélt því m.a. fram að nauðsyn fyrirbyggjandi vistunar í kjölfar afplánunar leiddi af því að skortur væri á sértækum meðferðarúrræðum.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að ákvörðunin um að kærandi skyldi vera í umsjá stjórnvalda virtist við fyrstu sýn ekki vera geðþóttaákvörðun heldur af félagsverndarlegum toga og byggð á dómi sakadóms. Þegar dómismálaráðherra tók ákvörðun um fyrirbyggjandi vistun kæranda í umsjá stjórnvalda hafi hann einungis verið að kveða á um skilyrði við framkvæmd refsingar. Þrátt fyrir að slík skilyrði gætu í einhverjum tilvikum fallið undir gildissvið sáttmálans, þá hefðu þau að meginsteftu ekki áhrif á lögmæti ráðstöfunar um refsingu.

Í tilviki kæranda hefði ráðherrann byggt ákvörðun sína á skilyrðum sem kveðið væri á um í lögum. Dómstóllinn vísaði í þessu sambandi sérstaklega til þess að rökin hefðu verið ítarleg og sérstaklega tilgreind í ákvörðuninni. Hann féllst ekki á það með kæranda að einu rök ráðherra hefðu verið skortur á sértækri langtímameðferð þó að það hefði vissulega verið eitt af því sem

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

haft gat afgerandi áhrif á niðurstöðu málsins enda hefði sértæk meðferð getað dregið úr hættunni sem almenningi stafaði af kæranda.

Dómstóllinn leit sérstaklega til viðleitni stjórnvalda við að tryggja kæranda sértæka meðferð við hæfi og þá sér í lagi endurtekinna tilrauna þeirra við að tryggja honum pláss á geðsjúkrahusum og til undirbúningsmeðferðarinnar sem komið var á meðan hann afplánaði fangelsisdóminn. Það var mat dómstólsins að stjórnvöld hefðu ekki látið undir höfuð leggjast að tryggja kæranda viðunandi meðferð svo hann gæti betur tekist á við lífið utan veggja fangelsisins þegar afplánun þar væri lokið. Sú staðreynd að stjórnvöldum hefði enn ekki tekist að tryggja honum viðunandi meðferð væri rakin til þess að veikindi kæranda hefðu þróast og breyst og að ekki væru til staðar stofnanir sem gætu boðið upp á meðferð við hæfi að teknu tilliti til ástands kæranda eins og það var orðið. Þrátt fyrir þetta væru stjórnvöld eigi að síður skuldbundin til að halda áfram að leita að viðunandi meðferðarúrræðum í málum sem þessum, hvort sem væri hjá opinberum aðilum eða einkaaðilum.

Það var einróma niðurstaða dómstólsins að vistun kæranda í fangelsi frá og með október 2006 hefði verið réttlæt看leg og að ekki hefði verið brotið í bága við 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Shannon gegn Lettlandi

Dómur frá 24. nóvember 2009

Mál nr. 32214/03

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs

Skilyrði gæsluvarðhalds. Tafir á meðferð máls um lögmæti frelsissviptingar.

1. Málsatvik

Kærandi, Lindsey Hughes Shannon, er bandarískur ríkisborgari og fæddur árið 1955. Hann er búsettur í Bandaríkjunum. Hann var handtekinn í borginni Olaine í Lettlandi 1. október 2002. Ástæða handtökunnar var sú að hann var grunaður um að hafa misnotað börn kynferðislega þegar hann dvaldi síðast í landinu. Fyrir lágu yfirlýsingar fjögurra meintra fórnarlamba kæranda og vitnisburður ónefnds vitnis. Kærandi var ákærður fyrir brotin 31. október 2002.

Gæsluvarðhald kæranda var fjórum sinnum framlengt með dómsúrskurði. Í fyrsta lagi var talinn vera rökstuddur grunur um sekt kæranda. Í öðru lagi var talið að glæpur sá sem kærandi var sakaður um væri alvarlegur. Í þriðja lagi var vísað til þess að kærandi væri ekki varanlega búsettur í landinu. Í fjórða lagi var talin hætta á að kærandi flýði úr landi eða truflaði rannsókn málsins. Í júní 2003 bætti saksóknari við fyrri ákæru meintum brotum sem kærandi átti að hafa framið í öðrum ferðum sínum til landsins. Fyrri ákæruliðum var einnig breytt á þá leið að kærandi var sakaður um að hafa nauðgað börnum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

með ofbeldisfullum hætti og fengið þau til þátttöku í vændi og framleiðslu klámefnis. Kærandi var sakfelldur og dæmdur í fjögurra ára fangelsi í janúar 2004 fyrir framangreindar sakir. Hann var þó sýknaður af ákæru um að hafa framleitt barnaklám.

Kærandi fékk reynslulausn 10. júlí 2006 eftir að hafa afplánað þrjá fjórðu hluta dómsins. Honum var vísað úr landi þremur dögum síðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ólöglegt og óréttlæt看legt hefði verið að úrskurða hann í gæsluvarðhald og þar með hefði verið brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Kærandi hélt því einnig fram að málsmeðferð lettneskra dómstóla hefði brotið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans. Vísaði hann til þess gæsluvarðhaldsúrskurðirnir hefðu verið reistir á almennum sjónarmiðum. Niðurstöður þeirra hefðu ekki verið rökstuddar heldur hefðu skilyrði gæsluvarðhalds samkvæmt lögum verið rakin þar án þess að fjallað væri um það hvernig þau ættu við í tilviki hans. Kærandi benti einnig á að málsmeðferð hefði dregist úr hófi og því hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans. Ennfremur byggði kærandi á að 8. gr. sáttmálans hefði verið brotin með tvenns konar hætti. Annars vegar hefðu lettneskir dómstólar litið framhjá heilsufari hans þegar ákveðið var að framlengja gæsluvarðhald yfir honum. Vísaði kærandi til þess að hann hefði verið í meðferð við geðrænum vandamálum í Bandaríkjunum og að hann hefði umsjá með fötluðum bróður sínum þar.

Niðurstæða

Um 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn taldi að jafnvel þótt kærandi hefði sýnt fram á að ekki væri hættá á að hann flýði úr landi þá hefði legið fyrir rökstuddur grunur um að hann hefði framið tiltekin afbrot. Sá grunur hefði fengið frekari staðfestingu meðan á gæsluvarðhaldinu stóð. Af þessum sökum hefði verið réttlæt看legt að halda honum í gæsluvarðhaldi fram að því að dómur féll í máli hans. Ekki var því fallist á að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 4. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn vísaði til fyrri áfellingdóma sinna í málum gegn lettneska ríkinu þess efnis að lettneskir dómstólar hefðu notað fyrirfram gerða dómsúrskurði til að úrskurða kærendur í gæsluvarðhald. Í þessu tiltekna máli benti dómstóllinn á að vinnulagi hefði verið breytt en þess í stað væri notast við staðlað orðalag úr lögum án þess að gerð væri grein fyrir því hvernig skilyrðum laga væri fullnægt í viðkomandi tilviki. Dómstóllinn benti á að þrátt fyrir að þetta gæti verið vafasamt með vísan til 4. mgr. 5. gr. sáttmálans þá hefðu umræddir úrskurðir m.a. stuðst við að kærandi væri ekki búsettur í Lettlandi og að sú staðreynd ein og sér hefði nægt til að réttlæta gæsluvarðhald yfir kæranda án frekari rökstuðnings. Dómstóllinn taldi að meðferð málsins hefði dregist úr hófi í tilviki tveggja gæsluvarðhaldsúrskurða. Annars vegar hefði það tekið áfrýjunardómstól 89 daga að fjalla um gæsluvarðhaldsúrskurð yfir

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

kæranda. Hins vegar hefðu engar skýringar verið gefnar fyrir því að það hefði tekið áfrýjunardómstól einn mánuð og átta daga að fjalla um annan gæsluvarðhaldsúrskurð. Dómstóllinn taldi að áfellingisdómur um brot á réttindum kæranda að þessu leyti fæli í sér nægjanlegur bætur til hans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið brotið gegn 6. gr. sáttmálans þótt meðferð málsins hefði í heild tekið u.þ.b. tvö ár og þrjú mánuði.

Um 8. gr.: Dómstóllinn vísaði frá þeim hluta kærunnar sem laut að 8. gr. með vísan til þess að kvartanirnar hefðu ýmist verið teknar til skoðunar vegna meintra brota á 5. gr. eða ekki hefði verið látið á þær reyna fyrir lettneskum dómstólum.

M gegn Þýskalandi

Dómur frá 17. desember 2009

Mál nr. 19359/04

Sjá reifun dómsins undir 7. gr.

Lagaheimild fyrir frelsissviptingu. Afturvirkni laga um öryggisgæslu.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

D gegn Finnlandi

Dómur frá 7. júlí 2009

Mál nr. 30542/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að spyrja vitni. Sönnunargögn. Jafnræði aðila fyrir dómi.

1. Málsatvik

Kærandi, D, er bandarískur ríkisborgari, fæddur árið 1952 og búsettur í Finnlandi. Þann 19. júní 2003 var hann dæmdur til þriggja og hálfis árs fangelsisvistar fyrir grófa kynferðislega misnotkun á dóttur sinni, E, sem var fædd 1997.

Grunur um kynferðislega misnotkun vaknaði vegna frásagnar dóttur kæranda um framferði hans gagnvart henni. Fór því fram læknisrannsókn og voru viðtöl lækna við hana tekin upp á myndband. Kæranda voru kynntar niðurstöður rannsóknanna og tilkynnt að komið yrði á fundi milli þeirra feðgina, sem fór þó aldrei fram. Meðan á rannsókn málsins stóð óskaði kærandi eftir aðgangi að læknskýrslunum en ekki var orðið við því fyrr en nokkru síðar þegar hann fékk aðgang að hluta þeirra. Við meðferð málsins fyrir dómi voru m.a. sýndar fyrrnefndar myndbandsupptökur af viðtölum lækna við dóttur kæranda. Kærandi var sýknaður af ákærinni á lægra dómstigi þar sem ekki þótti sýnt fram á sekt hans. Jafnframt voru taldir vera gallar á rannsókn málsins, þar sem kærandi fékk ekki aðgang að rannsóknarskýrslum fyrr en stuttu fyrir réttarhöldin og hefði hann því ekki haft nægan tíma til að undirbúa málvörn sína. Kærandi áfrýjaði niðurstöðu málsins og hélt því fram að við mat á sekt hans hefði eingöngu verið stuðst við frásögn E á myndbandsupptöku og þar sem hann hefði jafnframt skort aðgang að þeim rannsóknargögnum hefði hann ekki haft nægan tíma til að undirbúa vörn sína. Áfrýjunardómstóllinn sakfelldi kæranda í samræmi við ákæru og taldi að þrátt fyrir að myndbandsupptökurnar hefðu verið mikilvægt sönnunargagn um sekt hans, hefði sakfelling hans einnig verið studd öðrum óbeinum sönnunargögnum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hafi verið gegn rétti hans samkvæmt b- og d-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans, þar sem hann hefði ekki fengið nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína eða fengið að spyrja eða láta spyrja vitni sem leitt var gegn honum.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að þau réttindi sem felast í b- og d-lið 3. mgr. 6. gr.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

væru nánari útfærslur á rétti sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Skoðun dómstólsins lyti þar af leiðandi að því hvort málsmeðferðin í heild sinni hefði verið réttlát í skilningi 1. mgr. 6. gr.

Ekki bæri að túlka ákvæði 1. mgr. og d-liðar 3. mgr. 6. gr. svo að í þeim fælist undantekningarlaus réttur kæranda til að leiða fram vitni, heldur fremur að honum væri veitt nægjanlegt tækifæri til þess fyrir dómstólum. Af þeim ákvæðum leiddi sú skylda aðildarríkja að tryggja slíkan rétt sakborninga. Dómstóllinn tók jafnframt fram að sakfellingu mætti ekki byggja eingöngu eða að verulegu leyti á framburði vitnis, sem sakborningur hefði ekki fengið að spyrja. Við mat á því hvort sakborningur hefði hlotið réttláta málsmeðferð, yrði einnig að taka tillit til réttar ætlaðs fórnarlambis til verndar einkalífs síns. Því féllist dómstóllinn á að við meðferð sakamála um kynferðislega misnotkun væri heimilt að grípa til vissra aðgerða til verndar fórnarlambinu, að því gefnu að þær mætti samræma viðunandi og virkri beitingu réttinda sakbornings.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að sakfelling hefði byggst að miklu leyti á óbeinum sönnunargögnum, utan framburðar E, sem kom fram á myndbandsupptökunni sem hefði verið eina beina sönnunargagnið. Með hliðsjón af því hvaða sönnunargögn voru lögð til grundvallar í máli kæranda fyrir landsdómstólum yrði dómstóllinn að taka afstöðu til þess hvort kærandi hafi fengið nægjanlegt tækifæri til að njóta réttinda sinna samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Þótt kæranda hafi staðið til boða að beiðast frekari rannsóknar, hafi hann látið það hjá líða, þar sem þá stóð til að kærandi ætti fund með E og því hafi hann ekki talið sig hafa tilefni til þess. Jafnframt hefði hann ekki haft á reiðum höndum spurningar til að leggja fyrir E, þar sem hann hafði ekki fengið aðgang að neinum þeim skjölum sem höfðu að geyma upplýsingar um hina meintu misnotkun. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að kærandi hefði ekki verið upplýstur á skýran og nákvæman hátt um að honum myndi ekki gefast annað tilefni til að leggja spurningar fyrir barnið.

Dómstóllinn tók jafnframt fram að viðræður læknis E og kæranda hefðu átt sér stað á óformlegan hátt og án þess að lagalegra réttinda hans væri gætt. Dómstóllinn gæti jafnframt ekki litið framhjá þeirri afstöðu kæranda að hann hefði ekki getað neytt réttar síns til að leggja spurningar fyrir E, þar sem hann hefði ekki haft vitneskju um niðurstöður rannsóknanna. Kæranda hafi ekki verið veittur aðgangur að skýrslunum fyrr en á því stigi málsins að það kom honum ekki að notum við málsvörn sína. Jafnframt yrði að taka tillit til þess að rannsókn málsins hafði ekki verið hafin þegar meðferð E hófst. Óumdeilt væri að frá því tímamarki hefði kærandi ekki getað lagt spurningar fyrir E, sem hefði getað gagnast honum við öflun sönnunargagna. Þrátt fyrir það hefði ekki verið gripið til aðgerða til að auðvelda kæranda að undirbúa málsvörn sína.

Í ljósi atvika málsins taldi dómstóllinn ekki mögulegt að fallast á þau sjónarmið ríkisins að reglan um jafnræði aðila fyrir dómi ætti aðeins við þegar formleg rannsókn málsins hæfist, sérstaklega með hliðsjón af því að öflun

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

mikilvægustu sönnunargagna málsins var þá lokið. Jafnframt bæri að líta til þess að móðir E hafði haft fullan aðgang að umræddum skýrslum frá upphafi málsins. Dómstóllinn lagði áherslu á mikilvægi þess að myndbandið var sýnt við meðferð málsins fyrir dómi, en þó gæti það ekki tryggt nægjanlega réttindi kæranda, þar sem honum hafði ekki verið veitt tækifæri til að leggja fram spurningar fyrir vitnið. Við meðferð sakamála yrði einnig að taka tillit til hagsmuna mjög ungra brotþola, sér í lagi þegar um kynferðislegt ofbeldi væri að ræða. Það væri liður í mati dómstólsins á því hvort ákvæði 6. gr. hefði verið brotin.

Það, að leggja framburð vitnis á myndbandsupptöku til grundvallar sem mikilvægt sönnunargagn, án þess að kærandi hefði haft nægjanlegt tækifæri til að leggja spurningar fyrir E á grundvelli viðeigandi upplýsinga, fæli í sér slíka takmörkun á rétti hans til að halda uppi vörnum að ekki væri hægt að telja að kærandi hefði hlotið réttláta málsmeðferð. Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Samkvæmt 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 4.000 evrur í skaðabætur og 6.197 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði séráliti.

Scoppola gegn Ítalíu

Dómur frá 17. september 2009 – Yfirdeild

Mál nr. 10249/03

Sjá reifun dómsins undir 7. gr.

Afturvirkni laga um vægari refsivíðurlög.

Procedo Capital Corporation gegn Noregi

Dómur frá 24. september 2009

Mál nr. 3338/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll.

1. Málsatvik

Kærandi, Procedo Capital Corporation, er félag með takmarkaða ábyrgð eigenda sinna. Kærandi efaðist um hlutleysi dómstóls á millidómstigi í Noregi eftir að í ljós kom að sérfróður meðdómandi sem sat í dóminum teldist vanhæfur í málaferlum fyrirtækisins og Sundal Collier, norsks verðbréfafyrirtækis.

Sundal Collier höfðaði mál gegn kæranda í október 1998. Fyrirtækið krafðist þess að kærandi borgaði fyrir hlutabréf sem fyrirtækið hafði fest kaup á. Í desember 1999 höfðaði kærandi gagnsök og krafðist skaðabóta vegna þess að upplýsingar og ráðleggingar frá Sundal Collier hefðu valdið tapi fyrirtækisins í hlutabréfakaupunum. Undirréttur í Osló dæmdi Sundal í vil og vísaði kröfu kæranda frá.

Kærandi áfrýjaði málinu til dómstóls á millidómstigi. Sundal Collier

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

krafðist þess þá að krafa fyrirtækisins og gagnkrafa kæranda yrðu aðskildar í málarekstrinum. Á fimmta degi málsmeðferðarinnar, 23. október 2003, viðurkenndi sérfróður meðdómandi sem hafði sérþekkingu á fjármálum að hann hefði tiltekin tengsl við Sundal. Nánar tiltekið var hann einn eigenda ráðgjafafyrirtækis sem hafði tekið að sér endurskoðun fyrir ABG Sundal en það fyrirtæki var móðurfyrirtæki Sundal Collier. Þrátt fyrir að rétturinn teldi að ekkert benti til annars en að dómariinn væri vel hæfur til að komast að hlutlausri niðurstöðu í málinu var fallist á kröfu kæranda um að dómariinn viki sæti. Jafnframt var ákveðið að skilja mismunandi efnisþætti málsins í sundur og að rétturinn myndi fyrst taka afstöðu til kröfu Sundal. Kærandi hélt því þá fram að vegna vanhæfis sérfróða meðdómandans hefði rétturinn í heild verið vanhæfur í málinu og að fella bæri málið niður. Þetta féllst rétturinn ekki á.

Eftir ellefu daga áframhaldandi málsmeðferð og tveggja daga skoðun málsins á eftir ákvað rétturinn að taka málið til dóms og staðfesti að efnisþættir málsins yrðu skildir að. Í janúar 2004 staðfesti dómstóllinn síðan dóm undirréttar og dæmdi kæranda til að borga málskostnað Sundal. Kærandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar en dómstóllinn neitaði að taka málið til efnismeðferðar en krafa um áfrýjun náði ekki fram að ganga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að þátttaka sérfróða meðdómandans í fyrsta hluta munnlega málf lutningsins á millidómstigi hefði brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Jafnframt taldi kærandi að neitun dómsins um að fella málið niður og taka það á ný til meðferðar fyrir öðruvísi samsettum dómi hefði brotið gegn sama ákvæði.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að ekkert benti til þess að meðdómsmaðurinn hefði verið hallur gegn kæranda í málinu. Enn fremur taldi dómstóllinn að þótt réttmætt hefði verið að efast um hæfi hans hefðu rökin þar að baki ekki verið sérstaklega veigamikil. Verkefni dómans hefðu einungis óbeint verið tengd Sundal Collier og einungis falist í tæknilegri ráðgjöf. Engin bein tengsl hefðu verið á milli dómans og fyrirtækisins og hann hefði ekki haft neina beina hagsmuni af niðurstöðu málsins. Að auki hefði þátttaka hans í málarekstrinum verið lítil meðan á honum hefði staðið og skammt hefði verið liðið á hann þegar hann vék sæti.

Dómstóllinn var ekki sannfærður um að meðdómandinn hefði getað haft áhrif á afstöðu samdómara sinna. Dómstóllinn benti á í þessu samhengi að ákvarðanir réttarins um að meðdómandinn viki sæti í málinu og að skipta málinu upp hefðu verið teknar í fjarveru hans.

Dómstóllinn taldi þess vegna að eðli starfa meðdómandans, hvenær hann tók þátt í meðferð málsins og stutt vera hans í dóminum vektu ekki

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

upp réttmætar efasemdir um hlutdrægni annarra dómara sem sátu í réttinum. Réttinum hefði því ekki verið skylt að fella niður málsmeðferðina og hefja að nýju fyrir öðruvísi samsettum dómstól. Af þessum sökum var ekki fallist á að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Micallef gegn Möltu

Dómur frá 15. október 2009 - Yfirdeild

Mál nr. 17056/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

34. gr. Kærur einstaklinga

35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt

Bolandí brots. Gildissvið 6. gr. Óvilhallur dómstóll.

1. Málsatvik

Kærandi, Joseph Micallef, er maltneskur ríkisborgari, fæddur árið 1929 og búsettur í Vittoriosa á Möltu. Hann rekur málið vegna hagsmuna systur sinnar M, sem er látin. Árið 1985 var M stefnt af nágranna sínum F. Gerð var krafa um lögbann og að M yrði bannað að hengja þvott sinn á snúrur sem voru yfir verönd gerðarbeiðanda F. Þrátt fyrir að M hefði ekki verið upplýst um kröfur F var fallist á lögbannskröfuna. Lögbannið var tímabundin ráðstöfun og þurfti F að hefja staðfestingarmál innan tilskilins tímafrests. Það gerði hann og þegar dómur úrskurðaði um efni málsins árið 1992 var það honum í vil.

Á sama tíma hafði M hafið ógildingarmál fyrir dómi. Hún vísaði til þess að málið hefði verið tekið fyrir að henni fjarstaddri og henni ekki gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna og koma á framfæri sjónarmiðum sínum. Í október árið 1990 var fallist á kröfur hennar. Undirréttur komst að þeirri niðurstöðu að lögbannsúrskurðurinn hefði verið ólögmatgur og ógilti hann með vísan til þess að meginreglan um andmælarétt hefði verið virt að vettugi. F áfrýjaði málinu og í febrúar árið 1993 féllst áfrýjunardómstóll á kröfur hans og vék dómi undirréttar til hliðar. Áfrýjunardómstóllinn var skipaður þremur dómurum, dómsformanni og tveimur meðdómendum. M áfrýjaði málinu og höfðaði mál fyrir stjórnskipunardómstól. Hún vísaði m.a. til þess að dómsformaður hefði verið hlutdrægur þar sem hann væri tengdur lögmönnum gagnaðila fjölskylduböndum, þ.e. hann væri bróðir annars þeirra og frændi hins. Með úrskurði í janúar árið 2004 var máli hennar vísað frá. Hið sama átti sér stað í október árið 2005.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans vegna fjölskyldutengsla dómsformanns áfrýjunardómstólsins og lögmanna F. Þannig hefði meginreglan um jafnræði málsaðila verið brotin.

Niðurstaða deildar

Með dómi sínum 15. janúar árið 2008 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem dómari áfrýjunardómstólsins hefði verið vanhæfur. Það var mat dómstólsins að óþarfi væri að taka til skoðunar meint brot á meginreglunni um jafnræði málsaðila. Það var einnig niðurstaða dómstólsins að niðurstaðan ein og sér væri fullnægjandi fyrir málsaðila og því væri ekki ástæða til að dæma kæranda miskabætur. Með vísan í 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 2.000 evrur í málskostnað. Einn dómari skilaði sératkvæði.

Niðurstaða yfirdeildar

Meðferðarhæfi: Ríkið hélt því fram að kærandi gæti ekki talist þolandi brots í skilningi 34. gr. sáttmálans. Hvað varðaði stöðu kæranda sem þolanda var vísað til þess að hann gæti rekið mál hennar áfram hefði hún látist eftir að hafa lagt fram kæru til dómstólsins. Það gæti hann hins vegar ekki gert í máli sem þessu, þar sem hún hafi látist meðan mál var enn til meðferðar fyrir dómstólum heima fyrir. Dómstóllinn féllst ekki á þessi rök. Það var mat hans að kærandi nyti stöðu þolanda í skilningi 35. gr. Í því efni var vísað til þess að kærandi hefði sérstakra hagsmuna að gæta enda hefði honum verið gert að greiða kostnað vegna máls systur sinnar að henni látinni. Dómstóllinn vísaði einnig til þess að málið varðaði almannahagsmuni þar sem það lyti að sanngjarnri framkvæmd réttvísinnar.

Í öðru lagi hélt ríkið því fram að kærandi hefði ekki leitað til hlítar leiðréttingar á Möltu eins og áskilið væri í 1. mgr. 35. gr. sáttmálans. Dómstóllinn féllst ekki á þau rök þar sem engin lagaákvæði hefðu verið í gildi sem gáfu aðilum kost á að vefengja óhlutdrægni dómara á grundvelli fjölskyldutengsla þeirra við lögmenn gagnaðila fyrir dómstólum. Dómstóllinn benti einnig á að kærandi hefði, með því að halda fram fyrir innlendum dómstólum að hann nyti ekki sanngjarnrar málsmeðferðar, beitt öllum þeim úrræðum sem honum stóðu til boða á þeim tíma og voru tengd efnisatriðum málsins.

Í þriðja lagi hélt ríkið því fram að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans ætti ekki við í málum sem þessum, þ.e. þeim sem vörðuðu ráðstafanir sem væru tímabundnar eða til bráðabirgða. Af þeim sökum bæri að vísa málinu frá. Dómstóllinn vísaði til þess að bráðabirgðaráðstafanir á borð við lögbann féllu að meginstefnu til ekki undir 1. mgr. 6. gr., en innan aðildarríkja Evrópuráðsins virtist hins vegar vera eining um að ákvæðið ætti engu að síður við í slíkum málum. Þessi afstaða væri m.a. mótuð í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Dómstóllinn benti á að úrskurður um lögbannskröfu gæti oftast en ekki jafngilt ákvörðun um varanlega niðurstöðu, þ.e. um endanlegt bann við tiltekinni athöfn. Auk þess væri í málum um lögbannsgerðir og staðfestingarmálum vegna lögbannsrúskurða iðulega verið að kveða á um skyldur manna að einkamálarétti eða sakir um refsivert brot í skilningi 6. gr. sáttmálans. Að svo stöddu væri það því

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

mat dómstólsins að ekki væri lengur réttlætanlegt að flokka lögbannsmál sjálfkrafa þannig að þau lytu ekki að réttindum og skyldum manna að einkamálarétti eða um sök um refsivert brot. Dómstóllinn vísaði loks til þess að hann væri ekki sannfærður um að annmarkar á máli sem þessu yrðu alltaf leiðréttir þegar staðfestingarmál um lögbann væru tekin fyrir þar sem óafturkræft tjón gæti hlotist af ákvörðun um lögbann.

Með vísan til framangreinds var það niðurstaða yfirdeildar dómstólsins að nauðsynlegt væri að hverfa frá fyrri dómafordæmum sínum. Þannig ætti 6. gr. sáttmálans við um mál um bráðabirgðaráðstafanir þegar rétturinn sem væri til skoðunar væri einkaréttarlegs eðlis í skilningi 6. gr., bæði þegar úrskurðað væri um tímabundið lögbann og í staðfestingarmálum vegna þeirra fyrir dómi og þegar tímabundna ráðstöfunin sem málið lyti að ákvarðaði einkaréttarlegu réttindin og skyldurnar sem til skoðunar væru. Dómstóllinn benti hins vegar á að í undantekningartilvikum væri hugsanlegt að vikið yrði frá einhverjum skilyrðanna, sem fram kæmu í 6. gr., þótt aldrei væri heimilt að víkja frá kröfunni um sjálfstæða og óvilhalla dómstóla.

Dómstóllinn vísaði til þess að í málinu væri til skoðunar réttur nágretta til nýtingar eigna sinna á grundvelli maltneskra laga og þannig lyti það að réttindum og skyldum manna að einkamálarétti. Sá skilningur væri staðfestur með ákvæðum maltneskra laga sem og dómaframkvæmdar dómstólsins. Markmið lögbanns væri að ákvarða inntak réttinda nágretta og sem slíkur kæmi úrskurður þar að lútandi þegar til framkvæmda. Af þeim sökum félli ágreiningsefnið undir gildissvið 6. gr. sáttmálans.

Efnisatriði: Dómstóllinn lagði áherslu á hvernig mat á óhlutdrægni dómstóla færi fram. Annars vegar væri það huglægt, þar sem litið væri til hegðunar dómara og hins vegar hlutlægt, þar sem tekið væri til skoðunar hvort til staðar væru atvik, t.a.m. stjórnunartengsl eða önnur tengsl dómara og annarra aðila, sem leitt gætu til þess að efast mætti um óhlutlægni umrædds dómara. Dómstóllinn benti á að jafnvel minnsti vottur um slíkt gæti skipt sköpum við mat að þessu leyti.

Dómstóllinn vísaði til þess að í maltneskum lögum, sem í gildi voru þegar atvik málsins urðu, hefði ekki verið að finna ákvæði um skyldu dómara til að víkja sæti í málum þar sem óhlutdrægni hans gæti orkað tvímælis. Að sama skapi hefðu ekki verið til staðar ákvæði sem heimiluðu málsaðilum að vefengja óhlutdrægni dómara með vísan til fjölskyldutengsla, annaðhvort við málsaðila eða verjanda þeirra. Maltneskum lögum hefði hins vegar verið breytt frá því sem þá var og nú væri að finna í þeim ákvæði sem tryggði málsaðilum slík úrræði. Það var mat yfirdeildar dómstólsins að í málinu hefði með réttu mátt efast um óhlutdrægni dómsformanns áfrýjunardómstólsins. Það var því niðurstaða yfirdeildar dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 2.000 evrur í málskostnað.

Sex dómarar skiluðu séráliti.

Fernando Nunes Guerreiro gegn Lúxemborg

Dómur frá 5. nóvember 2009

Mál nr. 33094/07

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til aðgang að dómstólum. Máltilbúnaður aðila dómsmáls.

1. Málsatvik

Kærandi, Fernando Nunes Guerreiro, er portúgalskur ríkisborgari, fæddur árið 1960 og búsettur í Grevenmacher í Lúxemborg. Honum var neitað um örorkubætur 15. desember 2004. Kærum hans innan stjórnýslunnar og á lægri dómstigum var hafnað. Kærandi áfrýjaði málinu að því er varðaði lagaatriði til æðsta stjórnýsludómstóls Lúxemborgar með hjálp lögfræðings sem hafði aðstoðað hann á neðri dómstigum. Lögfræðingurinn reisti áfrýjunina á því að dómstólar á lægri dómstigum hefðu rangtúlkað lögin og rökstuddi á hvern hátt hefði átt að túlka þau. Dómstóllinn hafnaði áfrýjuninni 1. febrúar 2007 á þeirri forsendu að ekki hefði verið sýnt fram á að komist hefði verið að rangri lagalegri niðurstöðu. Samkvæmt meginreglum sem æðsti stjórnýsludómstól í Lúxemborg hefði myndað tæki dómstóllinn einungis til skoðunar þær málsástæður sem áfrýjandi hefði lagt fram máli sínu til stuðnings. Væru þær ófullkomnar gæti sú röksemdafærsla sem höfð væri frammi þeim til styrktar ekki bætt úr því.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn réttindum sínum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Hann hélt því fram að sér hefði verið neitað um aðgang að dómstólum þar sem áfrýjunardómstóll Lúxemborgar hefði ekki tekið til skoðunar þær röksemdir sem hann hefði lagt skriflega fyrir dómstólinn.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að krafa áfrýjunardómstóls Lúxemborgar til skýrleika á framsetningu málsástæðna áfrýjanda hefði verið lögmat. Dómstóllinn yrði hins vegar að rannsaka hvort áfrýjunardómstóllinn hefði metið hvort kröfurnar, sem hann setti til framsetningar ástæðnanna, væru í samræmi við það markmið sem þær áttu að þjóna. Skoða ætti framsetningu málsástæðna sem lagðar væru fram fyrir áfrýjunardómstólinn í heild, því þyrfti áfrýjandi að leggja fram áfrýjunarástæðurnar og einnig ef með þyrfti röksemdafærslu þeim til styrktar. Dómstóllinn taldi að áfrýjandi yrði að leggja fram þau sjónarmið sem byggju að baki áfrýjuninni og mögulega hvaða önnur rökstyddu áfrýjunina. Kærandi hefði uppfyllt bæði þessi skilyrði.

Dómstóllinn fjallaði því næst um að þær skýrleikakröfur sem áfrýjunardómstóllinn gerði til áfrýjunar hefðu ekki verið nauðsynlegar til þess að hann gæti framkvæmt þá endurskoðun sem honum bar að gera. Kröfurnar sem áfrýj-

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

unardómstóllinn gerði hefðu skert verulega rétt einstaklinga til að sækja rétt sinn til hans. Dómstóllinn hafði þá sérstaklega til hliðsjónar að í Lúxemborg væri fyrirkomulagið ekki með þeim hætti að sérhæfðir lögfræðingar kæmu fram fyrir dómstólnum. Við þessar kringumstæður hefði það verið of mikil formfesta að vísa áfrýjun kæranda frá á þeim grundvelli að hún væri ekki nægilega skýr.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að takmörkun á rétti kæranda til aðgangs að dómstólum hefði ekki verið í samræmi við það lögmæta markmið sem þar bjó að baki og því hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kart gegn Tyrklandi – Yfirdeild

Dómur frá 3. desember 2009

Mál nr. 8917/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til aðgangs að dómstólum. Friðhelgi þingmanna gegn málssókn.

1. Málsatvik

Kærandi, Atilla Kart, er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur árið 1954. Hann býr í Ankara. Árið 2002 var kærandi kjörinn til setu á tyrkneska þinginu. Kærandi hafði í fyrra starfi sínu sem lögmaður verið ákærður tvisvar sinnum. Annars vegar fyrir að móðga annan lögmann og hins vegar fyrir að móðga opinberan embættismann. Sem þingmaður naut kærandi friðhelgi frá saksókn. Samkvæmt 83. gr. tyrknesku stjórnarskrárinnar voru framangreindar ákæru felldar niður en ákvæðið kveður á um að ekki sé heimilt að handtaka, yfirheyra, úrskurða í gæsluvarðhald eða dæma þingmann sem talinn er hafa framið glæp fyrir eða eftir kjör hans til þings nema þingið sjálft ákveði að aflétta friðhelginni.

Tvær beiðnir voru lagðar fram um að friðhelgi kæranda yrði aflétt en án árangurs. Ákveðið var því að fella niður ákæurnar á meðan kærandi sæti á þingi. Kærandi mótmælti ákvörðuninni og fór fram á að hann fengi að sæta réttlátri málsmeðferð fyrir dómi. Beiðni kæranda sjálfs um að friðhelginni yrði aflétt var aldrei tekin til meðferðar á þinginu. Kærandi var síðan endurkjörinn á þingið árið 2007.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði verið sviptur rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi þar sem hann hefði ekki fengið tækifæri til að hreinsa mannorð sitt.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að það væri ekki hans að fjalla almennt um þá friðhelgi sem aðildarríki sáttmálans veittu þingmönnum sínum. Hans hlutverk væri að fjalla um hvort friðhelgin hefði haft áhrif á réttindi hans til réttlátrar

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

málsmeðferðar fyrir dómi. Þetta væri í fyrsta skipti sem dómstóllinn fengi til skoðunar mál þar sem sá sem nyti friðhelginnar vildi losna undan henni og teldi að hún bryti gegn réttindum hans sjálfs.

Dómstóllinn taldi að friðhelgi þingmanna stuðlaði að því lögmæta markaði að tryggja snurðulausa starfsemi þingsins og vernda sjálfstæði þess. Dómstóllinn tók fram að jafnvel þótt svo virtist sem friðhelgi tyrkneskra þingmanna væri viðtækari en þingmanna annarra ríkja þá væri hún háð einhverjum takmörkunum og gæti ekki í sjálfu sér talist óhófleg.

Það fyrirkomulag sem gildi í Tyrklandi um það hvernig leysa ætti úr beiðnum um að aflétta friðhelgi þingmanna kom fram í stjórnarskrá landsins og þingsköpum. Kærandi taldi að ákvörðunarferlið skorti skýrleika. Dómstóllinn taldi aftur á móti að ákvarðanir sem þessar væru í eðli sínu pólitískar og því gætu ekki verið gerðar sömu skýrleikakröfur og varðandi dómsniðurstöður.

Hvað varðaði ákvörðunina í máli kæranda sjálfs taldi dómstóllinn að kærandi hefði haft færi á að mótmæla ákvörðuninni um að fella niður ákæru á hendur honum. Enn fremur gæti neitunin um að aflétta friðhelginni ekki talist mismuna nokkrum. Byggði dómstóllinn þessa afstöðu sína á því að beiðnir sem vörðuðu friðhelgi þeirra þingmanna sem voru í meirihluta á þinginu höfðu verið afgreiddar eins og þær sem vörðuðu þingmenn minnihlutans.

Dómstóllinn benti á að ákærurnar á hendur kæranda væru í raun enn óafgreiddar og ekki væri hægt að neita því að óvissa málanna hefði aukist vegna hinnar umdeildu meðferðar tyrkneska þingsins. Tafir í þingmeðferðinni væru jafnframt tafir á meðferð sakamála á hendur kæranda. Aftur á móti hefði kæranda mátt vera ljóst að með því að sækjast eftir kjöri á þing í tvennum kosningum í röð gæti meðferð málanna tafist. Dómstóllinn lagði áherslu á að áhrif ákvarðana þingsins væru einungis þau að meðferð sakamála frestaðist en ákvarðanirnar hefðu ekki áhrif á málið sem slíkt.

Dómstóllinn gerði einnig grein fyrir því að sá skaði sem mannorð kæranda yrði fyrir væri í samræmi við að hann hefði verið sakaður um að hafa framið refsivert brot. Dómstóllinn taldi engu að síður að mannorð kæranda nyti verndar meginreglunnar um að hver maður yrði talinn saklaus þar til sekt hans hefði verið sönnuð fyrir dómi. Kærandi hefði ekki verið sviptur möguleikanum á að fá mál sitt tekið fyrir af dómstól þrátt fyrir að tímabundin hindrun væri á rekstri málsins. Þessi hindrun væri ekki í ósamræmi við það lögmæta markmið sem byggði að baki friðhelgi þingmanna, þ.e. verndun þingsins sem stofnunar.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Fimm dómarmar skiluðu þremur sérálitum í málinu. Einn þeirra studdi niðurstöðu meirihlutans.

Koottummel gegn Austurríki

Dómur frá 10. desember 2009

Mál nr. 49616/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til munnlegs málflutnings fyrir dómstól.

1. Málsatvik

Kærandi, Geethakumari Koottummel, er austurrískur ríkisborgari. Hún fæddist á Indlandi en býr í Lustenau í Austurríki þar sem hún rekur indverskan veitingastað. Hún sótti um atvinnuleyfi fyrir indverskan matreiðslumann sem hún vildi ráða til starfa á veitingastaðnum. Veitingastaðurinn byggðist á tiltekinni hugmyndafræði og var kokkurinn sérhæfður í matargerð sem byggðist á henni. Af þessum sökum var umsókn kæranda um atvinnuleyfið byggð á að matreiðslumaðurinn yrði svokallaður lykilstarfsmaður á staðnum en sérstakar reglur giltu um atvinnuleyfi slíkra starfsmanna.

Umsókn kæranda var hafnað sökum þess að matreiðslumaðurinn fullnægði ekki skilyrðum austurrískra laga um slíka starfsmenn. Kærandi fór fram á munnlegan málflutning um málið fyrir stjórnsludómstól. Hún hélt því fram að yfirvöld hefðu ekki metið gögn með fullnægjandi hætti né gefið nægjanlega góðan rökstuðning fyrir niðurstöðu sinni. Málsástæðum kæranda var hafnað. Ekki var fallist á að málflutningur í málinu yrði munnlegur þar sem ekki var talið að slíkt myndi skýra málið frekar fyrir dómnum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans með því að neita henni um munnlegan málflutning fyrir stjórnsludómstól.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að stjórnsludómstóllinn í máli kæranda hefði verið fyrsti og eini dómstóllinn sem fjallaði um mál hennar. Hún hefði þess vegna átt rétt á opinberri og munnlegri málsmeðferð nema að því undanskildu ef málið hefði einvörðungu varðað lagaleg eða mjög tæknileg álitaeftni. Þar sem sú var ekki raunin í máli kæranda hefði stjórnsludómstólnum borið að hafa munnlegan málflutning um málið. Af þessum sökum hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 2.000 evrur í málskostnað.

7. gr. Engin refsing án laga

Scoppola gegn Ítalíu

Dómur frá 17. september 2009 – Yfirdeild

Mál nr. 10249/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

7. gr. Engin refsing án laga

Afturvirkni laga um vægari refsivíðurlög.

1. Málsatvik

Kærandi, Franco Scoppola, er ítalskur ríkisborgari og fæddur árið 1940. Hann afplánar refsidóm í fangelsi í Parma.

Kærandi drap eiginkonu sína 2. september 1999 og slasaði eitt barna sinna. Eftir frumrannsókn saksóknaraembættisins í Róm fór embættið fram á að kærandi yrði ákærður fyrir manndráp, tilraun til manndráps, slæma meðferð á fjölskyldu sinni og loks ólöglega vörslu skotvopns. Fallist var á ósk kæranda um að réttarhaldið fengi einfaldaða meðferð en þar er um að ræða sérstaka málsmeðferð samkvæmt ítölskum lögum um meðferð sakamála sem leiðir til lægri refsingar verði sakborningur sakfelldur.

Samkvæmt lögnum um slíka málsmeðferð átti að dæma sakborning í 30 ára fangelsi teldi dómari hæfilega refsingu ævilangt fangelsi. Sú lagaregla hafði tekið gildi skömmu áður en fallist var á að mál kæranda fengi einfaldaða meðferð en hafði ekki verið í gildi þegar brot kæranda var framið. Í nóvember árið 2000 komst dómari að þeirri niðurstöðu að kærandi væri sekur. Dómarinn taldi að þar sem brotið varðaði ævilangt fangelsi væri rétt að dæma hann til 30 ára fangelsisrefsingar.

Þennan sama dag hafði hins vegar verið samþykkt lagabreyting sem fól í sér breytta refsingu í málum sem fengu einfaldaða meðferð fyrir dómi. Samkvæmt breytingunni átti að dæma sakborning sem hefði gerst sekur um brot sem varðaði við lífstíðarfangelsi í einangrun til lífstíðarfangelsis án einangrunar. Saksóknari áfrýjaði því dómnum og hélt því fram að dæma hefði átt kæranda til ævilangs fangelsis. Þann 10. janúar 2002 var kærandi síðan dæmdur í ævilangt fangelsi af ítölskum áfrýjunardómstól með vísan til þess að þar sem um hefði verið að ræða breytingu á málsmeðferðarreglum hefði hún átt við um öll mál sem hefði ekki verið lokið þegar breytingin tók gildi. Áfrýjunardómstóllinn tók fram að kærandi hefði getað dregið til baka ósk sína um að málið færi fram samkvæmt einfaldaðri meðferð.

Kærandi fór því næst með málið fyrir æðsta dómstig Ítalíu og vísaði til þess að 6. og 7. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu hefðu verið brotnar. Áfrýjun hans var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á að afturvirk beiting refsilaga bryti í bága við 7. gr. sáttmálans og að ákvæði umræddra breytingalaga hefðu ekki samræmst 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð.

Niðurstaða

Um 7. gr.: Dómstóllinn tók fram að hann hefði frá árinu 1978 talið að 7. gr. tryggði ekki rétt sakbornings til vægari refsingar samkvæmt lögum sem tækju gildi eftir að afbrot hefði verið framið. Dómstóllinn benti hins vegar á að meta yrði breyttar aðstæður í aðildarríkjum sáttmálans og önnur viðhorf til álitaefnisins. Dómstóllinn viðurkenndi að miklar breytingar hefðu orðið á þessu sviði á alþjóðavettvangi. Sér í lagi hefði sú meginregla birst í ýmsum alþjóðlegum sáttmálum um mannréttindi og t.d. í dómum Evrópudómstólsins að beita bæri vægari lögum um refsingar ef kostur væri.

Dómstóllinn taldi að samstaða væri um það í Evrópu og víðar að sú meginregla gildi á sviði refsiréttar að beita bæri vægari refsilögum um brot þrátt fyrir að slík lög hefðu tekið gildi eftir að brotið hefði verið framið. Þess vegna ákvað dómstóllinn að víkja frá fyrri fordæmum og komst að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 7. gr. tryggði ekki einungis bann við afturvirkni strangari refsilaga heldur líka að af reglunni leiddi meginregla um afturvirkni vægari refsilaga. Í meginreglunni fælist að ef munur væri á þeim lögum sem hefðu verið í gildi þegar brot hefði verið framið og þeim lögum sem síðar tækju gildi fram til þess að lokadómur gengi í máli þá bæri að beita þeim lögum sem væru hagstæðust sakborningi.

Dómstóllinn taldi því að kærandi hefði hlotið þyngri refsingu en kveðið var á um í þeim lögum sem höfðu gilt á tímabilinu frá því að brotið var framið fram til þess að endanlegur dómur var kveðinn í málinu og kváðu á um vægustu refsingu vegna brotsins. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að ítalska ríkið hefði brotið gegn 1. mgr. 7. gr. sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að sú meðferð sakamála sem kveðið væri á um í ítölskum lögum og gildi um mál kæranda fæli í sér óumdeilda kosti fyrir sakborning en að hún gengi einnig að hluta gegn þeim kröfum sem leiddi af reglunni um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Í tilviki kæranda hefði hann gefið eftir rétt sinn til opinberrar málsmeðferðar, til að kalla til vitni, til að færa fram ný sönnunargögn og gagnsyrja vitni ákærvaldsins. Þetta hefði hann gert gegn því að fá 30 ára fangelsisdóm í stað ævilangs fangelsis.

Dómstóllinn taldi að byðu ríki upp á slíka sérmeðferð dómsmála gengi það gegn meginreglunni um réttaröryggi og vernd lögmæts trausts þeirra, sem tækju þátt í réttarmeðferðinni, gæti ríkisvaldið einhliða dregið úr því hagræði sem sakborningur hefði mátt treysta að hann fengi að njóta með því að gefa eftir tiltekin réttindi sín. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ítalska ríkið hefði brotið gegn 6. gr. sáttmálans með því að beita í endanlegum dómi

7. gr. Engin refsing án laga

löggjöf sem fól í sér minni hagsbætur en kærandi hafði undirgengist á grundvelli fyrri löggjafar.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 10.000 evrur fyrir málskostnaði.

Bouchacourt, Gardel og M.B. gegn Frakklandi **Dómar frá 17. desember 2009**

Mál nr. 5335/06, 16428/05 og 22115/06

7. gr. Engin refsing án laga

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Kynferðisafbrotamenn. Öflun og meðferð persónuupplýsinga.

1. Málsatvik

Kærendur eru allir franskir ríkisborgarar. Bernard Bouchacourt fæddist árið 1959 og býr í Toulouse í Frakklandi. Fabrice Gardel fæddist árið 1962 og afplánar refsingu í Monmedý-fangelsinu í Frakklandi. M.B. fæddist árið 1943 og býr í Millau í Frakklandi. Þeir hafa allir verið dæmdir fyrir að nauðga ungmennum. Þeir voru dæmdir árin 1996, 2001 og 2003.

Í mars árið 2004 voru samþykkt lög í Frakklandi sem kváðu á um að starfrækja skyldi gagnagrunn um kynferðisafbrotamenn. Síðar var lögnum breytt á þann veg að gagnagrunnurinn skyldi einnig taka til þeirra sem dæmdir hefðu verið fyrir ofbeldisbrot. Gagnagrunnurinn var settur á laggirnar í júní árið 2005. Kærendum var í kjölfarið tilkynnt að þeirra nöfn hefðu verið sett í gagnagrunninn á grundvelli laganna frá 2004.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að brotið hefði verið gegn 7. og 8. gr. sáttmálans með því að setja nöfn þeirra í gagnagrunninn og þá sér í lagi í ljósi þess að löggjöfinni sem kvað á um það var beitt með afturvirkum hætti.

Niðurstaða

Um 7. gr.: Dómstóllinn tók fram að forvörn og fæling væru einu markmið hins umdeilda gagnagrunns. Markmið hans væri ekki að refsa kynferðisafbrotamönnum. Þrátt fyrir að þeir sem væru skráðir í gagnagrunninn væru skyldaðir árlega til að sýna fram á heimilisfang sitt og bæri jafnframt að tilkynna tafarlaust um það ef þeir flyttust búferlum þá yrði ekki talið að það fyrirkomulag fæli í sér refsingu í skilningi sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að hann kæmist að þessari niðurstöðu þrátt fyrir að skyldan gildi í 30 ár. Dómstóllinn taldi því að bann við refsingu á grundvelli afturvirkra laga samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sáttmálans ætti ekki við um málið. Kvörtun kæranda hvað þetta varðaði var því hafnað.

Um 8. gr.: Dómstóllinn fjallaði um að vernd persónulegra upplýsinga væri

7. gr. Engin refsing án laga

sérlega mikilvæg til að einstaklingar fengu notið einkalífs og fjölskyldulífs. Sér í lagi væri verndin mikilvæg þegar um væri að ræða sjálfvirka vinnslu upplýsinga í þágu löggæslu. Dómstóllinn ítrekaði að hann teldi ekki vafa undirorpið að markmið gagnagrunnsins væri forvörn gegn frekari brotum. Kynferðisbrot væru sérstaklega ámalisverðir glæpir sem ríkisvaldið yrði að vernda börn og aðra einstaklinga sem ættu undir högg að sækja fyrir.

Enn fremur taldi dómstóllinn að það væri ekki í ósamræmi við þá hagsmuni sem gagnagrunnurinn verndaði að skráning einstaklinga í grunninn stæði yfir í 30 ár. Dómstóllinn hafði þá sérstaklega til hliðsjónar að kærendur hefðu haft möguleika á að óska þess að upplýsingum um þá yrði eytt úr grunninum. Loks benti dómstóllinn á að notkun dómstóla, lögreglu eða annarra stjórnvalda á upplýsingum úr grunninum væri háð trúnaði og takmörkuð við sérstaklega afmörkuð tilvik.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þær reglur sem réðu því hverjir yrðu skráðir í gagnagrunninn og eins og þeim var beitt gagnvart kærendum væru í samræmi við þá almanna- og einkahagsmuni sem vægjust á í málinu. Því var talið að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálsans.

M gegn Þýskalandi

Dómur frá 17. desember 2009

Mál nr. 19359/04

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

7. gr. Engin refsing án laga

Lagaheimild fyrir frelsissviptingu. Afturvirkni laga um öryggisgæslu.

1. Málsatvik

Kærandi er þýskur ríkisborgari sem fæddist árið 1957. Hann er vistaður í Schwalmstadt-fangelsinu í Þýskalandi. Árið 1986 var kærandi dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps og rán eftir að hafa áður hlotið fjölmarga refsíðoma. Á grundvelli skýrslu tauga- og geðlæknis var kærandi samtímis dæmdur til að sæta öryggisgæslu að lokinni afplánun fangelsisrefsingarinnar. Í skýrslunni kom fram að kærandi hefði ríka tilhneigingu til að fremja alvarleg ofbeldisbrot og að líklegt væri að hann myndi fremja fleiri slík brot í framtíðinni. Almennings stafaði því hætta af kæranda.

Eftir að kærandi hafði afplánað alla fangelsisrefsinguna óskaði hann endurtekið eftir að öryggisgæslunni yrði aflétt. Á árunum frá 1992 til 1998 höfnuðu dómstólar öllum beiðnum hans. Vísað var til sérfræðiskýrslna um kæranda og þess að hann hefði sýnt ofbeldisfulla hegðun í fangelsinu.

Í apríl 2001 framlengi dómstóll öryggisgæsluna til september 2001 og var sú ákvörðun staðfest af áfrýjunardómstól. Þá hafði kærandi verið tíu ár í öryggisgæslu. Lagagrundvöllur þessarar framlengingar var ákvæði í refsilögum sem var breytt árið 1998. Eftir að ákvæðinu var breytt voru engin takmörk fyrir því hversu oft dómstólar gátu framlengt þann tíma sem einstaklingur skyldi

7. gr. Engin refsing án laga

sæta öryggisgæslu eða hversu lengi einstaklingur gat þurft að sæta slíkri gæslu. Áður hafði ákvæðið kveðið á um að einstaklingur skyldi aldrei sæta öryggisgæslu samfelld lengur en í tíu ár.

Í febrúar 2004 komst stjórnskipunardómstóll Þýskalands að þeirri niðurstöðu að ákvæði þýsku stjórnarskrárinnar sem bannaði afturvirkar refsingar tæki ekki til úrræða eins og öryggisgæslu. Vísaði dómstóllinn til þess að ávallt hefði verið gert ráð fyrir að úrræði réttarkerfisins gætu annars vegar verið refsingar og hins vegar betrunar- og forvarnaúrræði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að framlenging öryggisgæslunnar bryti gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Sér í lagi vísaði hann til þess að það væri ekki nægjanlegt orsakasamband milli dómsins sem hann hlaut árið 1986 og framlengingarinnar í apríl 2001. Enn fremur vísaði kærandi til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 7. gr. sáttmálans með því að afnema hámark þess tíma sem hann gat þurft að sæta öryggisgæslu eftir að hann hafði framið brot sitt.

Niðurstaða

Um 5. gr.: Dómstóllinn staðfesti að samkvæmt 1. mgr. 5. gr. hefði verið heimilt að framlengja öryggisgæsluna yfir kæranda upp að tíu árum. Hvað varðaði framlengingu eftir það tímamark taldi dómstóllinn að orsakasambandi skorti á milli upphaflega refsisdómsins og áframhaldandi frelsisskerðingar kæranda. Þegar refsisdómurinn hefði fallið árið 1986 hefði verið skýrt að öryggisgæsla með kæranda gæti bara staðið yfir í tiltekinn tíma. Hefði breytingin á þýskum hegningarlögum árið 1998 ekki komið til hefðu dómstólar ekki haft neina heimild til að framlengja öryggisgæsluna til lengri tíma en lögin kváðu á um.

Enn fremur taldi dómstóllinn að áframhaldandi öryggisgæsla með kæranda hefði ekki verið réttlætanager á grundvelli þeirrar áhættu sem talin var vera á að hann bryti frekar af sér. Vísaði dómstóllinn til þess að ekki væri nægilega skýrt til hvaða brota kæranda væri verið að vísa og að þess vegna væri skilyrðum c-liðar 1. mgr. 5. gr. ekki fullnægt. Auk þess hefði ekki verið hægt að halda kæranda í öryggisgæslu á grundvelli þess að hann væri andlega vanheill í skilningi e-liðar 1. mgr. 5. gr. enda hafði áfrýjunardómstóll talið að kærandi væri ekki lengur haldinn alvarlegum geðsjúkdómi.

Í ljósi þessa komst dómstóllinn samhljóða að þeirri niðurstöðu að öryggisgæsla yfir kæranda eftir að hann hafði verið í slíkri gæslu í tíu ár bryti í bága við 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 7. gr.: Dómstóllinn þurfti að fjalla um það álitamál hvort öryggisgæsla teldist vera refsing í skilningi 1. mgr. 7. gr. Dómstóllinn rakti að eins og fangelsisvist fæli öryggisgæsla í sér frelsissviptingu og að í Þýskalandi væru einstakl-

7. gr. Engin refsing án laga

ingar sem sættu öryggisgæslu í haldi í venjulegum fangelsum. Í raun væri minniháttar munur á framkvæmd fangelsisvistar og öryggisgæslu. Enn fremur væru markmið bæði refsinga og öryggisgæslu að vernda almenning frá hættulegum einstaklingum og hjálpa þeim síðan að lifa ábyrgu lífi utan fangelsisins.

Dómstóllinn vísaði síðan til niðurstöðu mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins og Evrópunefndar gegn pyntingum um að einstaklingar í öryggisgæslu í Þýskalandi fengu enga sérstaka sálræna aðstoð umfram það sem venjulegir fangar fengu. Dómstóllinn benti síðan á að eftir að lögum um öryggisgæslu var breytt árið 1998 væri ekkert hámark á því hversu lengi einstaklingur gæti sætt öryggisgæslu. Með sömu breytingu hefði einstaklingum einnig verið gert mjög erfitt að fullnægja skilyrðum til þess að losna úr slíkri gæslu en við það var miðað að ekki mætti vera hætt á að einstaklingur fremdi brot á ný. Úrræðið væri því með því alvarlegasta sem hægt væri að beita gagnvart glæpamönnum samkvæmt þýskum hegningarlögum. Dómstóllinn taldi því að það yrði að teljast refsing í skilningi sáttmálans.

Dómstóllinn var því ekki sannfærður um þá röksemdafærslu þýskra yfirvalda að framlenging öryggisgæslunnar varðaði einungis framkvæmd viðurlaga. Dómstóllinn benti á að með því að afnema hámarkstíma öryggisgæslu eftir að kærandi hafði framið brot sitt hefði kærandi verið beittur viðurlögum afturvirk.

Dómstóllinn komst því samhljóða að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 7. gr. sáttmálans. Kæranda voru dæmdar 50.000 evrur í miskabætur.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Zehentner gegn Austurríki

Dómur frá 16. júlí 2009

Mál nr. 20082/02

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Friðhelgi heimilis. Nauðungarsala á íbúð. Gerhæfi.

1. Málsatvik

Kærandi, Bernardina Zehentner, er austurrískur ríkisborgari, fædd árið 1944 og búsett í Vínarborg. Í ágúst 1998 var hún dæmd til að greiða 7.440 evrur til G vegna kostnaðar við lagfæringu á pípulögnum í íbúð hennar. Í maí 1999 féllust dómstólar á kröfu G um að fjárfrafa hans yrði fullnustuð með nauðungarsölu á íbúð kæranda, auk greiðslu málskostnaðar að fjárhæð 2.150 evrur. Í október 1999 var kæranda tilkynnt bréfleiðis um dagsetningu á nauðungarsölu íbúðarinnar og 17. nóvember sama ár var íbúðin seld að henni fjarstaddri. Þann 24. nóvember 1999 var söluandvirði íbúðarinnar geymslu-greitt og kæranda tilkynnt með bréfi að nauðungarsala hefði farið fram. Hluta söluandvirðisins var úthlutað til lánardrottna hennar í janúar árið 2000 og í febrúar sama ár var kærandi borin út úr íbúð sinni.

Í marsmánuði árið 2000 fékk kærandi taugaáfall og dvaldist í rúmlega mánuð á geðsjúkrahúsi. Dómstóllinn skipaði henni þá tímabundinn lögráðamann og fékk álit læknis þess efnis, að hún hefði þjáðst af aðsókn-argeðrofi síðan árið 1994 og hefði síðan þá ekki verið fær um að taka rökréttar ákvarðanir. Í apríl árið 2000 birti dómstóllinn ákvörðun sína frá 17. nóvember 1999 um nauðungarsölu íbúðar kæranda fyrir lögráðamanni hennar. Frá og með 17. apríl 2000 áfrýjaði lögráðamaður kæranda, fyrir hönd hennar, þeirri ákvörðun margoft fyrir mismunandi dómstigum og krafðist þess að hún yrði ógilt.

Í niðurstöðum sínum vegna áfrýjana kæranda töldu dómstólar að ekki hefði verið hægt að fullnusta fyrir mæli um greiðslu frá ágúst 1998 og júní 1999 þar sem hún hefði ekki verið hæf til að taka þátt í meðferð málsins fyrir dómi. Hins vegar var áfrýjunum kæranda vegna fullnustu fyrir mælanna vísað frá dómi, þar sem ekki var talið að hægt væri að snúa við nauðungarsöluferlinu. Talið var að ákvörðun um greiðslu af söluhagnaði íbúðarinnar til lánardrottanna væri orðin endanleg og þeir höfðu þegar fengið greiðslu krafna sinna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með nauðungarsölu á íbúð hennar hefði ríkið svipt hana eignum sínum og með því brotið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dómstóllinn taldi með hliðsjón af málsatvikum rétt að skoða kærana einnig með tilliti til 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi ljóst að íbúð kæranda hefði verið heimili hennar í skilningi 8. gr. sáttmálans. Við mat á því hvort brotið hefði verið gegn ákvæðinu bæri að líta á málsatvik í heild sinni. Ekki var umdeilt að skerðing á friðhelgi heimilis kæranda var gerð samkvæmt lögum og hefði stefnt að lögmætum markmiðum. Til að skerðingin teldist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi yrði hún að vera knýjandi þjóðfélagsleg nauðsyn og ekki úr hófi fram miðað við það lögmæta markmið sem að var stefnt.

Þegar nauðungarsala á íbúð kæranda fór fram og hún síðar borin út, hafði hana í mörg ár skort gerhæfi. Kærandi gat því ekki mótmælt niðurstöðu málsins eða gripið til þeirra lögmæltu úrræða sem henni stóðu til boða. Að auki var henni ekki unnt að krefjast endurskoðunar á máli sínu vegna þess að engar undantekningar var að finna frá lögmæltum tímafrestum til að áfrýja niðurstöðu dómstóls um nauðungarsölu á fasteigninni. Með hliðsjón af viðkvæmri stöðu kæranda væri sérstaklega rík þörf á að réttlæta að tímafrestum væri framfylgt án undantekninga. Hæstiréttur hefði hvorki tiltekið slíkar ástæður né vegið og metið hvort hagsmunir kaupanda íbúðarinnar, sem var í góðri trú, væru ríkari en hagsmunir kæranda, sem skorti gerhæfi. Þrátt fyrir mikilvægi þess að viðhalda réttaröryggi og að sjá mætti framkvæmdina fyrir, vísaði dómstóllinn til fordæma sinna á grundvelli 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Tekið var fram að þegar verulegar og knýjandi ástæður væru til staðar gætu þær réttlætt að vikið yrði frá ákveðinni framkvæmd. Því taldi dómstóllinn röksemdir ríkisins um að vernda bæri réttindi kaupanda íbúðarinnar og viðhalda réttaröryggi ekki nægja til að svipta kæranda, sem skorti gerhæfi, heimili sínu án þess að hún hefði tækifæri til þess að taka þátt í málsmeðferðinni eða fá úrlausn dómstóla endurskoðaða. Komst dómstóllinn því einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 1. gr. 1. viðauka. Dómstóllinn tók fram að við mat á því hvort nauðungarsala á fasteign kæranda teldist brot á 1. gr. 1. viðauka, yrði dómstóllinn að líta til hinnar svokölluðu þriðju reglu sem 2. mgr. 1. gr. felur í sér og tryggir ríkinu m.a. rétt til að setja reglur um almennar takmarkanir eignarréttar. Allar takmarkanir á friðhelgi eignarréttar yrðu að gæta sanngjarns jafnvægis milli almannahagsmuna og verndar einstaklinga til að njóta grundvallarréttinda sinna. Jafnframt yrði að gæta meðalhófs við þær aðgerðir sem gripið væri til í því skyni að ná lögmætu markmiði sem að væri stefnt.

Þrátt fyrir að málið, sem kvörtun kæranda grundvallaðist á, hefði verið milli tveggja einkaaðila, bæri ríkinu engu að síður skylda til að veita báðum aðilum nauðsynlega vernd og gera dómstólum kleift að beita lögum á skilvirkan og réttlátan máta. Dómstóllinn taldi að málsmeðferðarreglur þær, sem kröfðust þess að kærandi höfðaði mál á hendur hverjum lánardrottni sínum til að fá

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

niðurstöður dómstóla í máli sínu endurskoðaðar, ekki vera nægjanlega vernd samkvæmt 1. gr. 1. viðauka fyrir einstakling í hennar stöðu. Var því einróma álit dómstólsins að ríkið hefði brotið í bága við 1. gr. 1. viðauka.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 30.000 evrur í skaðabætur og 200 evrur vegna málskostnaðar.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.

Bouchacourt, Gardel og M.B. gegn Frakklandi

Dómar frá 17. desember 2009

Mál nr. 5335/06, 16428/05 og 22115/06

Sjá reifun dómsins undir 7. gr.

Kynferðisafbrotamenn. Öflun og meðferð persónuupplýsinga.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Kimlaya o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 1. október 2009

Mál nr. 76836/01 og 32782/03

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Skráð trúfélög, Skilyrði skráningar.

1. Málsatvik

Kærendur eru þrír, Yevgeniy Kimlya, formaður Vísindakirkjunnar í Surgut í Rússlandi, fæddur árið 1977 og búsettur í Surgut, Vísindakirkjan í Nizhnekamsk í Rússlandi og einn stofnenda hennar, Aidar Sultanow, fæddur árið 1965 og búsettur í Nizhnekamsk.

Vísindakirkjan í Surgut var upphaflega skráð sem frjáls félagasamtök árið 1994. Síðar voru samtökin leyst upp á þeim forsendum að starfsemin, sem þar færi fram, væri í raun trúarlegs eðlis. Beiðnum kirkjunnar um skráningu sem frjálsra félagasamtaka var hafnað í júlí og október árið 1999 með vísan til sömu raka og árið 1994. Í ágúst árið 2000 leituðu stofnendur kirkjunnar, þar á meðal Yevgeniy Kimlya, til dómsmálaráðuneytisins og fóru þess á leit að kirkjan yrði skráð sem staðbundið trúfélag. Vísindakirkjan í Nizhnekamsk var upphaflega stofnuð árið 1998 og þá sem óskráð trúfélag (e. religious group). Í desember árið 1999 leitaðist kirkjan eftir því að vera skráð sem staðbundið trúfélag. Líkt og beiðni kirkjunnar í Surgut var beiðni um skráningu hafnað.

Í kjölfar málsmeðferðar, bæði innan stjórnáráðsunnar og fyrir dómstólum, voru framangreindar ákvarðanir um synjun skráningar kirknanna sem trúfélög staðfestar af hæstarétti landsins. Það var gert með vísan til ákvæða í lögum um trúarbrögð þar sem sagði að skráning sem staðbundið trúfélag yrði eingöngu veitt þeim trúfélögum sem sýnt gætu fram á að þau hefðu annaðhvort starfað á tilteknu svæði í Rússlandi í 15 ár að lágmarki eða að þau tengdust trúfélagi sem væri miðstýrt á landsvísi. Samkvæmt lögnum telst óskráð trúfélag ekki vera sjálfstæður lögaðili. Þannig getur það hvorki átt né leigt fasteignir, ekki átt bankareikning, eða ráðið til sín starfsmenn, né heldur haldið upp kröfum fyrir hagsmuni safnaðarins. Lagaleg staða slíkra trúfélaga kemur jafnframt í veg fyrir að þau geti starfrækt starfsemi sína, svo sem rekstur á aðstöðu til að rækja trú og halda guðsþjónustur fyrir almenning, og standa fyrir útgáfu og fræðslu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur héldu því fram að synjun rússneskra yfirvalda bryti í bága við rétt þeirra samkvæmt 9. og 11. gr. sáttmálans, annaðhvort einum og sér eða með hliðsjón af 14. gr. hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að ekki væri samstaða í aðildarríkjum sáttmálans um það hvort telja ætti vísindatrú (e. scientology) til eiginlegra trúarbragða. Í ljósi þessarar óeiningar innan Evrópu og að teknu tilliti til stöðu dómstólsins gagnvart aðildarríkjunum ákvað dómstóllinn, við mat á beitingu 9. gr., að skoða málið frá sjónarmiði innlendra stjórnvalda. Dómstóllinn mat það svo að 9. gr. ætti við með vísan til þess að rússnesk stjórnvöld litu á starfsemi vísindakirknanna í Surgut og Nizhnekamsk sem trúarlegs eðlis. Það var jafnframt mat dómstólsins að meta yrði meint brot með hliðsjón af 11. gr. sáttmálans og þá með vísan til þess að venjubundið væri að trúarleg samfélög störfuðu í skipulögðum einingum og að mál þetta varðaði ætlaða takmörkun á rétti manna til að koma saman með trúfélögum sínum. Hann vísaði sérstaklega til þess að ákvæðinu væri ætlað að vernda félagafrelsi borgaranna gegn óréttmætum takmörkunum ríkisvaldsins.

Með vísan til þess að óskráð trúfélög skorti lagalegu stöðu og þeirra takmörkuðu réttinda, sem þau nytu á grundvelli laganna um trúarbrögð var það mat dómstólsins að lögín veittu meðlimum slíkra félaga ekki raunverulegan rétt til að njóta trú- og félagafrelsis. Af þeim sökum hefði réttur kæranda samkvæmt 9. gr. sáttmálans, sbr. 11. gr. hans, verið takmarkaður. Um slíka takmörkun hefði verið kveðið á um í lögum, þ.e. rússneskum lögum um trúarbrögð. Með slíkri takmörkun væri stefnt að lögmatu markmiði, þ.e. að vernda allsherjarreglu.

Dómstóllinn vísaði hins vegar til þess að ekki hefði verið sýnt fram á að kærundur, hvort heldur sem einstaklingar eða sem trúfélög, hefðu tekið þátt í eða ætluðu sér að taka þátt í ólögmatum athöfnum eða að þeir ætluðu sér að gera nokkuð annað en rækja trú sína með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi. Þannig hefði í raun ekkert skort á að tilgangur þeirra væri trúarlegs eðlis. Þeim hefði hins vegar verið synjað um skráningu nánast sjálfkrafa með vísan til 15 ára reglunnar í lögum um trúarbrögð. Synjunin hefði því verið byggð á kröfum formlegs eðlis án þess að tekið væri tillit til starfseminnar sem slíkrar. Að auki hefði 15 ára reglan áhrif á starfsemi trúarlegra samfélaga á grunnstigum sem gætu hvorki sýnt fram á staðfestu sína á tilteknu svæði né tengsl sín við miðstýrt trúfélag á landsvísu. Þannig hefði reglan eingöngu áhrif á rétt nýstofnaðra óskráðra trúfélaga, á borð við þau sem iðkuðu vísindatrú, sem væru ekki hluti stigskiptrar kirkjueiningar. Það var mat dómstólsins að stjórnvöld hefðu ekki getað fært fram rök sem réttlættu slíka mismunun.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að takmörkun trú- og félagafrelsis kæranda hefði ekki verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi. Þannig hefði verið brotið í bága við 9. gr. sáttmálans með hliðsjón af 11. gr. hans. Það var einróma mat dómstólsins að ekki væri þörf á að skoða sérstaklega meint brot með hliðsjón af 10. og 14. gr. sáttmálans þar sem lítið hefði verið til allra sjónarmiða og raka kæranda við framangreint mat á broti á 9. og 11. gr.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Kærendum, Yevgeniy Kimlya og Aidar Sulanov, voru hvorum um sig með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 5.000 evrur í miskabætur. Að því er varðaði þriðja kæranda, Vísindakirkjuna í Nizhnekamsk, taldi dómstóllinn niðurstöðu málsins fela í sér fullnægjandi bætur. Sameiginlega voru svo kærendunum þremur dæmdar 10.000 evrur í málskostnað.

Bayatyan gegn Armeníu

Dómur frá 27. október 2009

Mál nr. 23459/03

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Herskylda. Neitun að gegna herþjónustu af samviskuástæðum.

1. Málsatvik

Kærandi, Vahan Bayatyan, er armenskur ríkisborgari fæddur árið 1983 og er vottur Jehóva. Við átján ára aldur árið 2001 var hann talinn hæfur til herskyldu. Kærandi lýsti því hins vegar yfir við stjórnvöld að hann neitaði að gegna herþjónustu samvisku sinnar vegna en væri reiðubúinn að gegna borgaralegri þjónustu í staðinn. Hann hunsaði herkvaðningu í maí árið 2001 og flutti m.a. að heiman svo ekki væri unnt að sækja hann með valdi. Tveimur vikum síðar var hann upplýstur um að honum bæri lagaleg skylda til að gegna herþjónustu enda kvæðu engin lög né reglur á um heimildir til að gegna öðrum störfum í stað herþjónustu, líkt og hann færi fram á.

Í október árið 2001 var kærandi ákærður fyrir að svíkjast undan herskyldu. Hann var settur í gæsluvarðhald og með dómi í október árið 2002 var hann dæmdur til eins árs og sex mánaða fangelsisvistar. Áfrýjunardómstóll staðfesti dóminn en lengdi fangelsisvistina um eitt ár, þannig að hann var dæmdur til tveggja og hálfis árs fangelsisvistar. Í dóminum var sérstaklega vísað til þess að kærandi hefði ekki viðurkennt sök sína og hefði hlaupist undan merkjum þegar málið var til rannsóknar. Hæstiréttur landsins staðfesti dóminn í janúar árið 2003. Í júlí sama ár var kærandi leystur úr haldi eftir að hafa setið af sér tíu og hálfan mánuð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt 9. gr. sáttmálans um hugsana-, samvisku- og trúfrelsi. Hann vísaði einnig til þess að 9. gr. bæri að túlka með hliðsjón af aðstæðum eins og þær væru í dag, þ.e. að meirihluti aðildarríkja Evrópuráðsins hefði viðurkennt rétt einstaklinga til að synja herþjónustu samvisku sinnar vegna og við aðild sína árið 2000 hefði Armenía heitið því að náða alla sem dæmdir hefðu verið til fangavistar vegna synjunar þeirra á að gegna herþjónustu samvisku sinnar vegna.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti fyrst á að það væri málefnalegt að líta til þess að meirihluti aðildarríkja Evrópuráðsins hefði sett lög um borgaralega þjónustu í stað herþjónustu þegar um væri að ræða einstaklinga, sem vísuðu til þess að þeir gætu ekki gegnt herþjónustu samvisku sinnar vegna. Það var hins vegar mat dómstólsins að túlka bæri 9. gr. sáttmálans með hliðsjón af b-lið 3. mgr. 4. gr. hans þar sem tilgreint væri að þvingunar- eða nauðungarvinna í skilningi greinarinnar taki ekki til „herþjónustu eða þjónustu sem krafist væri í hennar stað af mönnum sem synja herþjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun“. Með vísan til þessa væri það aðildarríkja sjálfra hvers um sig að taka ákvarðanir um það hvort þau heimiluðu fólki að synja herþjónustu samvisku sinnar vegna. Dómstóllinn vísaði til þess að á þeim tíma þegar kærandi neitaði að gegna herþjónustu, hefði Armenía ekki viðurkennt réttinn til að synja herþjónustu með vísan til samvisku. Þannig hefði ekki verið brotið í bága við rétt hans með sakfellingu vegna synjunar hans á herþjónustu, jafnvel þótt fallast mætti á að hann hefði mátt hafa lögmætar væntingar til annars með hliðsjón af yfirlýsingu armenskra stjórnvalda um náðun allra þeirra sem synjað hefðu herþjónustu.

Dómstóllinn vísaði að auki til þess að lög um borgaralega þjónustu í stað herþjónustu hefðu nú verið sett í Armeníu, en efni þeirra og beiting félli í raun utan þess sem hér væri verið að skoða. Það var því mat dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 9. gr. sáttmálans. Einn dómari skilaði séráliti.

Soile Lautsi gegn Ítalíu

Dómur frá 3. nóvember 2009

Mál nr. 30814/06

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Réttur til að menntun samræmist trúarskoðunum. Trúarleg tákni.

1. Málsvik

Kærandi, Soile Lautsi, er ítalskur ríkisborgari og býr í Abano Terme á Ítalíu. Árið 2001-2002 sóttu tvö börn hennar, sem voru þá 11 og 13 ára, grunnskóla á vegum ríkisins. Í öllum stofum þessa skóla hékk kristinn kross á vegg. Kærandi hélt því fram að þetta væri í ósamræmi við það trúleysi sem hún hafði alið börn sín upp við. Kærandi lét framangreinda afstöðu sína í ljós við skóla-yfirvöld og vísaði til dóms ítalsks áfrýjunardómstóls frá árinu 2000 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að það væri í ósamræmi við meginregluna um trúfrelsi, sem ítölsk stjórnskipan byggðist á, að sambærilegir krossar hengju upp á kjörstöðum. Í máli 2002 ákvað yfirstjórn grunnskólans að taka ekki niður krossana. Ítalska menntamálaráðuneytið gaf í kjölfarið út yfirlýsingu til allra stjórnenda ríkisskóla sem var í samræmi við ákvörðun skólans.

Kærandi leitaði til stjórnarsýsludómstóls héraðsins og hélt því fram að

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Ákvörðun yfirstjórnar grunnskólans bryti í bága við meginreglu stjórnarskrárinnar um trúfrelsi og hlutleysi hins opinbera. Ítalska ríkið hélt því fram að upphenging krossanna byggðist á konunglegri tilskipun frá 1924 og 1928. Stjórnsýsludómstóllinn veitti kæranda heimild 14. janúar 2004 til að skjóta málinu til stjórnskipunardómstóls Ítalíu svo fá mætti dóm um hvort krossar í skólastofum væru í samræmi við stjórnarskrá ríkisins. Fyrir stjórnskipunardómstólnum hélt ítalska ríkið því fram að hið umdeilda fyrirkomulag væri eðlilegt þar sem krossinn væri ekki aðeins trúarlegt ták heldur einnig merki eða „fáni“ eina trúfélagsins sem væri nefnt í ítölsku stjórnarskránni, kaþólsku kirkjunnar. Stjórnskipunardómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu 15. desember 2004 að hann ætti ekki lögsögu málinu þar sem umdeilt ákvæði byggðist frekar á reglugerð en lögum. Stjórnsýsludómstóll hafnaði síðan kröfu kæranda. Dómstóllinn vísaði til þess að krossinn væri ták ítalskrar sögu og menningar. Af því leiddi að krossinn væri ták ítalskrar sjálfmyndar og þar með merki jafnræðis, frelsis og umburðarlyndis og jafnframt aðskilnaðar ríkisins frá trúarhreyfingum. Í febrúar 2006 komst áfrýjunardómstóll að sömu niðurstöðu með vísan til þess að krossinn væri orðinn ták trúlausra gilda ítölsku stjórnarskrárinnar og endurspeglaði borgaraleg gildi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram fyrir sína hönd og barna sinna að það fyrirkomulag að hafa kross á vegg í skólastofu barna hennar bryti gegn rétti hennar til þess að tryggja að börnin fengju menntun og kennslu í samræmi við trúarlega og heimspekilega sannfæringu hennar samkvæmt 2. gr. 1. viðauka sáttmálans. Fyrirkomulagið bryti einnig gegn frelsi hennar til trúar og sannfæringar sem verndað væri af 9. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að nemendur kæmust ekki hjá því að taka eftir krossunum þar sem þeir hengju í skólastofunum. Nemendur gætu auðveldlega túlkað þá sem trúarleg ták og að krossinn væri merki þeirrar menntunar sem þeir stunduðu. Þetta fyrirkomulag gæti verið hvetjandi fyrir trúaða nemendur en einnig truflandi fyrir nemendur sem væru annarrar trúar eða væru trúlausir. Dómstóllinn tók fram að neikvætt trúfrelsi tæki ekki einungis til þess að einstaklingar þyrftu ekki að sækja trúarlegar samkomur eða að menntun þeirra þyrfti ekki að vera trúarleg. Í neikvæðu trúfrelsi fælist einnig frelsi frá hegðun og merkjum sem táknuðu trú, skoðanir eða trúleysi. Þetta frelsi kæmi sérstaklega til skoðunar þegar það væri ríkið sem tjáði skoðun eða trú. Einstaklingur væri þannig settur í aðstöðu þar sem hann gæti ekki með einföldum hætti vikist undan viðkomandi tjáningu.

Dómstóllinn tók fram að stjórnvöldum bæri að forðast að þvinga skoðunum upp á einstaklinga og þá sér í lagi í aðstæðum þar sem þeir væru háðir ríkis-

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

valdinu. Þetta ætti sérstaklega við um grunnskólanemendur en þeim væri skylt að sækja grunnskóla óháð trú og þá sér í lagi í ljósi þess að markmið grunnskólamenntunar væri að temja nemendum gagnrýna hugsun.

Í dóminum kom fram að dómstóllinn gæti ekki skilið hvernig tákni sem væri tengt kaþólskri trú gæti þjónað þeirri víðsýni sem væri nauðsynleg menntun þeirri sem væri grundvöllur hins lýðræðislega samfélags sem fjallað væri um í sáttmálanum. Dómstóllinn benti á að þessi víðsýni væri einnig viðurkennd af ítalska stjórnskipunardómstólnum. Dómstóllinn komst af þessum sökum að þeirri niðurstöðu að það bryti gegn rétti foreldra til að mennta börn sín í samræmi við sannfæringu sína og rétt barna til að trúa eða trúa ekki að yfirvöld hömpuðu tákni tiltekinnar trúar eða skoðunar í kennslustofum. Dómstóllinn komst því samhljóða að þeirri niðurstöðu að 2. gr. 1. viðauka sáttmálans og 9. gr. sáttmálans hefðu verið brotnar.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Féret gegn Belgíu

Dómur frá 16. júlí 2009

Mál nr. 15615/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Útbreiðsla kynþáttahatus. Stjórnámálemenn. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, Daniel Féret, er belgískur ríkisborgari, fæddur 1944 og búsettur í Brussel. Hann er formaður stjórn málaflokksins „*Front National-Nationaal Front*“ og jafnframt aðalritstjóri útgefins efnis af hálfu flokksins og eigandi vefsíðu flokksins. Hann var þingmaður á belgíska þinginu þegar málsatvik áttu sér stað. Í tengslum við kosningabaráttu flokksins frá 1999-2001 var dreift bæklingum og veggspjöldum sem urðu tilefni kvörtunar frá einstaklingum og félögum. Töldu þeir þar hvatt til kynþátta- eða útlendingahatus, mismununar og ofbeldis sem refsivert væri samkvæmt landslögum. Þann 19. febrúar 2002 var kærandi yfirheyrður af lögreglunni í tengslum við fyrrnefndar kvartanir.

Friðhelgi kæranda vegna stöðu hans sem þingmanns var afturkölluð að beiðni aðalríkissaksóknara við áfrýjunardómstól Brussel og í kjölfarið var refsimál höfðað á hendur honum þar sem hann var höfundur og ritstjóri hinna unnræddu bæklinga og eigandi vefsíðunnar. Þann 18. apríl 2006 dæmdi áfrýjunardómstóll Brussel kæranda í 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að inna af hendi 250 stunda samfélagsþjónustu, ásamt greiðslu sektar til allra stjórn málaflokka landsins og lýsti því yfir að kærandi gæti ekki orðið kjörgengur næstu 10 ár. Dómstóllinn taldi að athafnir kæranda hefðu ekki samrýmt stöðu hans sem þingmanns og að í bæklingunum hafi verið að finna málsgreinar sem með skýrum og eindregnum hætti hvöttu til mismununar, aðskilnaðar eða haturs og jafnvel ofbeldis gagnvart einstaklingum vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernis þeirra eða tengsla við þjóðernisminnihluta. Áfrýjun kæranda til æðra dómstigs náði ekki fram að ganga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með því að refsa honum fyrir ummæli sem birtust í bæklingum útgefnum af stjórn málaflokki hans, hefði verið brotið gegn rétti hans til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. sáttmálans með óhóflegum hætti.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að tjáningarfrelsi væri einn af hornsteinum lýðræðislegs þjóðfélags og ætti ekki einungis við um upplýsingar eða hugmyndir sem féllu í góðan jarðveg eða væru álitnar meinlausar eða þýðingarlitlar, heldur jafnframt þær sem móðga og yllu hneykslan. Umrædd takmörkun á tjáning-

10. gr. Tjáningarfrelsi

arfrelsi kæranda var talin í samræmi við lög og stefndi að því lögmæta markmiði að vernda réttindi annarra og firra glundroða eða glæpum. Við mat á því hvort skerðingin teldist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi yrði hún að vera gerð vegna knýjandi þjóðfélagslegrar nauðsynjar og í hlutfalli við það lögmæta markmið sem að var stefnt. Mjög þungvægar ástæður þurfi til að réttlæta takmarkanir á tjáningarfrelsi þegar tjáning væri innlegg í pólitískar umræður eða ætti erindi við almenning.

Dómstóllinn tók fram að í bæklingunum væru þeir samfélagshópar, sem þar var fjallað um, taldir hneigjast til glæpa og væru gjarnir á að misnota réttindi sem þeir fengju sem íbúar í Belgíu. Jafnframt væri gert gys að umræddum innflytjendum, sem meðal almennings vakti óhjákvæmilega tortryggni, höfnun og jafnvel hatur gagnvart útlendingum.

Dómstóllinn benti á að tjáningarfrelsi væru mikilvæg réttindi fyrir alla, en þó sérstaklega fyrir kjörna fulltrúa almennings. Hins vegar ítrekaði dómstóllinn að mikilvægt væri að stjórnámálameðmönnum forðust ummæli sem gætu alið á fordómum þegar þeir upplýstu um skoðanir sínar á opinberum vettvangi.

Umræða um kynþátta- og útlendingahatur á vettvangi kjörinna fulltrúa almennings hefði mikil áhrif á almenning. Hvatningu til mismununar á grundvelli kynþáttar sem lausn á samfélagslegum vandamálum tengdum innflytjendum taldi dómstóllinn líklega til að valda ólgu í samfélaginu og grafa undan trausti á lýðræðislegum stofnunum. Í þessu máli hefði því knýjandi þjóðfélagsleg þörf staðið til verndunar réttinda samfélags innflytjenda, líkt og hafði verið gert með niðurstöðu innlendra dómstóla.

Dómstóllinn tók fram að sú refsing sem kærandi hlaut, hefði verið í samræmi við viðmið dómstólsins um að gæta skyldi hófs við ákvörðun refsingar í opinberum málum.

Það var því álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið á rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálsans.

Willem gegn Frakklandi

Dómur frá 16. júlí 2009

Mál nr. 10883/05

10. gr. Tjáningarfrelsi

Hvatning til mismununar. Stjórnámálameðmönnum. Umræða um almannahagsmunum.

1. Málsatvik

Kærandi, Jean-Claude Fernand Willem, er franskur ríkisborgari, fæddur 1934 og búsettur í Seclin í Frakklandi. Á þeim tíma sem málsatvik urðu var kærandi meðlimur í flokki kommúnista og bæjarstjóri í Seclin.

Þann 3. október 2002 tilkynnti kærandi á bæjarráðsfundi að viðstöddum fjölmiðlum, að hann hygðist beina þeim tilmælum til undirmanna sinna og

10. gr. Tjáningarfrelsi

starfsmanna borgarinnar að sniðganga vörur frá Ísrael. Hélt kærandi því fram að ákvörðunin hefði verið tekin í mótmælaskyni við stefnu ísraelsku ríkisstjórnarinnar sem er þekkt fyrir harða afstöðu sína í málefnum Palestínu. Fulltrúar gyðinga í Seclin lögðu fram kæru hjá ríkissaksóknara sem höfðaði refsímál á hendur kæranda fyrir að hvetja til mismununar á grundvelli þjóðernis, kynþáttar og trúar. Kærandi var dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 1.000 evrur en áfrýjun hans til æðra dómstigs náði ekki fram að ganga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að hvatning hans til að sniðganga vörur frá Ísrael hefði verið þáttur í opinberri stjórn málaumræðu um átökin milli Ísraels og Palestínu og hafi hún því án efa átt erindi til almennings. Hafi því refsing hans brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálsans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að mælt hefði verið um takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda í lögum og hún hefði stefnt að því lögætta markmiði að vernda réttindi annarra, þ.e. ísraelskra framleiðenda. Dómstóllinn lagði áherslu á að til þess að skerðing á tjáningarfrelsi teldist heimil samkvæmt sáttmálanum yrði hún að teljast nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi og hvort takmörkunin byggðist á viðeigandi og nægjanlegum forsendum.

Dómstóllinn lagði áherslu á að réttur einstaklings til tjáningarfrelsis væri sérstaklega mikilvægur þegar um kjörinn fulltrúa almennings væri að ræða þar sem kjarni verndar 10. gr. lyti að stjórn málaumræðu. Tók dómstóllinn fram að því yrðu ríkar ástæður að liggja til grundvallar skerðingu á réttindum kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálsans.

Dómstóllinn taldi, líkt og innlendir dómstólar, að kærandi hefði ekki verið dæmdur fyrir stjórn málaaskoðanir sínar, heldur fyrir að hvetja til mismununar sem væri refsivert að landslögum. Kærandi hefði ekki einungis látið í ljós skoðanir sínar á stefnu ísraelsku ríkisstjórnarinnar, heldur jafnframt hvatt til þess að vörur frá Ísrael yrðu sniðgengnar. Dómstóllinn tók fram að sem bæjarstjóri bæri kærandi vissar skyldur. Yrði hann því að gæta ákveðins hlutleysis og haga athöfnum sínum í ljósi stöðu sinnar sem fulltrúi bæjarfélagsins.

Að mati dómstólsins bar að líta til þess að kærandi gaf út yfirlýsingu sína á bæjarráðsfundi, þar sem engin umræða eða kosningar fóru fram um málefnið. Gæti yfirlýsing kæranda því ekki talist hafa verið framlag hans til almennrar þjóðmálaumræðu.

Dómstóllinn tók jafnframt fram, að samkvæmt landsrétti væri kærandi ekki bær til að taka ákvarðanir, sem heyrðu undir valdsvið ríkisstjórnar landsins, með því að lýsa yfir viðskiptabanni á vörur frá öðru landi. Í ljósi kringumstæðna taldi dómstóllinn að þær ástæður, sem lágu til grundvallar

10. gr. Tjáningarfrelsi

skerðingu á tjáningarfrelsi kæranda teldust vera viðeigandi og nægjanlegar í skilningi 2. mgr. 10. gr. sáttmálans. Jafnframt gæti refsing ákærða ekki talist úr hófi fram til að ná því lögmæta markmiði sem að var stefnt.

Var því álit dómstólsins að nauðsynlegt hefði verið að skerða tjáningarfrelsi kæranda. Með refsisdominum hefði því ekki verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

Hachette Filipacchi Associés („Ici Paris“) gegn Frakklandi

Dómur frá 23. júlí 2009

Mál nr. 12268/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Friðhelgi einkalífs. Fjölmiðlar. Birting ljósmynda.

1. Málsatvik

Kærandi, Hachette Filipacchi Associés er franskt útgáfufyrirtæki, með skráð aðsetur í Levallois-Perret í Frakklandi. Þann 13. nóvember 1996 birtist í tímaritinu *Ici Paris*, sem kærandi gefur út, grein sem fjallaði m.a. um ætluð fjárhagsvandamál söngvarans Johnny Hallyday og öfgakenndan lífsstíl hans. Með greininni fylgdu fjórar myndir af söngvaranum, m.a. þar sem hann stóð á sviði, ásamt auglýsingum fyrir vörur sem hann hafði lagt nafn sitt og ímynd við.

Þann 4. mars 1997 höfðaði söngvarinn mál gegn útgáfufyrirtækinu og krafðist þess að viðurkennt yrði að það hefði með umfjöllun sinni brotið gegn friðhelgi einkalífs hans. Kröfum hans var vísað frá dómi, þar sem aðeins hefði verið minnst á eignir söngvarans, fjárhagslegar ráðstafanir hans væru á allra vitorði og hann hefði sjálfur margsinnis greint frá, m.a. í sjálfsævisögu sinni. Málinu var síðar vísað til áfrýjunardómstóls Versala, sem taldi að birting myndanna hefði ekki verið í samræmi við tilgang þeirra auglýsinga sem söngvarinn hefði lagt í mynd sína við og að þær upplýsingar sem fram komu í greininni brytu gegn friðhelgi einkalífs hans. Var kærandi dæmdur til að greiða söngvaranum 20.000 evrur í skaðabætur ásamt málskostnaði. Áfrýjun kæranda náði ekki fram að ganga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að niðurstaða dómstóla hefði brotið gegn rétti hans til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst ekki á þá röksemd ríkisins að þar sem um einkaréttarlegan ágreining væri að ræða félli hann utan lögsögu hans. Taldi dómstóllinn

10. gr. Tjáningarfrelsi

að niðurstaða málsins hefði augljóslega falið í sér takmörkun á rétti kæranda til tjáningarfrelsis.

Mælt hafði verið fyrir um takmörkunina í lögum og hún stefnt að lögmætu markmiði, þ.e. að vernda rétt söngvarans til friðhelgi einkalífs síns. Var því hlutverk dómstólsins að skera úr um þau grundvallarréttindi sem vógust á, þ.e. rétt kæranda til tjáningarfrelsis og rétt söngvarans til friðhelgi einkalífs síns.

Dómstóllinn lagði sérstaka áherslu á þá staðreynd að ljósmyndirnar, sem birtar voru með greininni, hefðu verið fengnar úr auglýsingum með söngvaranum. Væri því málið aðgreinanlegt frá öðrum þeim málum, þar sem ljósmyndir hefðu verið fengnar með umdeilanlegum aðferðum eða brotið gegn friðhelgi einkalífs hins umrædda einstaklings.

Jafnframt lagði dómstóllinn áherslu á að söngvarinn hefði í sjálfsævisögu sinni sjálfur greint frá íburðarmiklum og kostnaðarsömum lífsstíl sínum. Hefði það dregið úr þeirri vernd einkalífs hans sem hann átti annars rétt á. Við mat á ábyrgð kæranda hefði innlendum dómstólum borið að taka þá staðreynd til greina.

Að lokum tók dómstóllinn fram, að þó svo greinin hefði verið neikvæð fyrir söngvarann, hefði ekki verið um að ræða neikvæð ummæli eða ásetning kæranda til að skaða orðspor hans. Hefði því kærandi ekki farið yfir takmörk þess frelsis, sem fjölmiðlar njóta í lýðræðislegu þjóðfélagi í umfjöllun sinni.

Þar sem ekki hefði verið gætt sanngjarns jafnvægis milli þeirra réttinda sem rákust á við skerðingu tjáningarfrelsis kæranda, komst dómstóllinn að einróma niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 26.000 evrur í skaðabætur og 10.000 evrur vegna málskostnaðar.

Kulis og Rózycki gegn Póllandi

Dómur frá 6. október 2009

Mál nr. 27209/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Umræða um almannahagsmuni. Fjölmiðlar.

1. Málsatvik

Kærendur voru tveir pólskir ríkisborgarar, Mirosław Kuli, fæddur árið 1956 og búsettur í Lodz, og Piotr Rozycki, fæddur árið 1946. Sá fyrrnefndi á útgáfufyrirtækið Westa Druk sem gefur út vikuritíð Angora auk viðbótarrits þess Angorka og ætlað er börnum. Síðarnefndi kærandinn lést 2004 en hann hafði verið ritstjóri vikuritsins.

Í maí árið 1999 birtist grein í Angorka þar sem fjallað var um auglýsinga-herferð tiltekins fyrirtækis sem seldi kartöflufloður. Í greininni var gagnrýnt að í einni auglýsinganna hefði verið vísað til þess að teiknimyndapersóna væri morðingi, en persóna þessi væri vinsæl meðal barna. Í greininni var birt mynd af umræddri teiknimyndapersónu auk textanna: „pólsk börn eru í áfalli vegna auglýsinganna“ og „hafið ekki áhyggjur, ég væri einnig morðingi ef ég borðaði

10. gr. Tjáningarfrelsi

bennan óþverra“. Framleiðslufyrirtækið stefndi kærendum og krafðist afsökunarbeiðni þar sem þeir hefðu komið óorði á fyrirtækið og vörur þess. Að auki krafðist fyrirtækið að kærendum yrði gert að greiða allan málskostnað auk tiltekinnar greiðslu til góðgerðarmálefna. Dómstólar í Póllandi féllust á kröfur fyrirtækisins. Að þeirra mati hefðu kærendum notað niðrandi orð sem hefðu ýtt undir andstygð og óbeit almennings á vörum fyrirtækisins og laskað orðspor þeirra. Kröfum kæranda um áfrýjun var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærundur héldu því fram að viðurlögin, sem þeim hefði verið gert að sæta, brytu í bága við tjáningarfrelsi þeirra og væru brot á 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að fyrirtækið, sem stóð fyrir auglýsinga-herferðinni, sem að meginstefnu hefði verið ætlað að ná athygli barna, hefði notað slagorð sem væru óviðeigandi fyrir þau. Það hefði leitt til umræðu á almennum vettvangi enda mætti líta svo á að málið varðaði mikilvæga hagsmuni almennings. Þannig væri ekki óeðlilegt að um það hefði verið fjallað í fjölmiðli á borð við ritið Angorka. Í þessu sambandi benti dómstóllinn sérstaklega á að takmörkun á rétti fjölmiðla til að fjalla um slík málefni, sem vörðuðu hagsmuni almennings, sætti þröngri túlkun.

Dómstóllinn vísaði að auki til þess að myndin, sem birt hefði verið með grein kæranda, sækta fyrirmynd sína augljóslega til auglýsinga-herferðarinnar enda hefði sama teiknimyndapersóna og sömu slagorð verið notuð og var að finna á kartöflufloöguumbúðum sem auglýstar voru í herferðinni. Af þeim sökum var það mat dómstólsins að kærundur hefðu ekki ætlað sér að smána eða vanvirða gæði kartöflufloganna. Þeir hefðu hins vegar ætlað að vekja almennung til umhugsunar um tegund slagorðanna, sem notuð voru, og að notkun þess háttar slagorða væri ótæk aðferð í þeirri viðleitni að auka sölu vörunnar sem um ræddi.

Að lokum leit dómstóllinn sérstaklega til þess að pólskir dómstólar hefðu brugðist þar sem þeir hefðu ekki tekið tillit til eins meginhlutverks fjölmiðla, sem væri miðlun upplýsinga og hugmynda um málefni sem vörðuðu almennung. Í því fælist m.a. að fjölmiðlar gætu farið með ýkjur að vissu marki eða jafnvel ögrad fólki, líkt og gert hefði verið í umræddri grein.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að pólska ríkinu hefði ekki tekist að réttlæta þá takmörkun sem kærendum var gert að sæta á tjáningarfrelsi sínu. Af þeim sökum hefði verið brotið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Eftirlifandi kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 7.200 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í skaðabætur. Með vísan til sama ákvæðis voru honum dæmdar 6.100 evrur í málskostnað.

Brunet-Lecomte og Tanant gegn Frakklandi

Dómur frá 8. október 2009

Mál nr. 12662/06

10. gr. Tjáningarfrelsi

Umræða um almannahagsmuni. Fjölmíðlar. Stjórnámálemenn.

1. Málsatvik

Kærendur eru tveir franskir ríkisborgarar, Philippe Brunet-Lecomte, fæddur árið 1954, og Loïc Tanant, fæddur árið 1968. Þeir eru báðir búsettir í Lyon í Frakklandi. Brunet-Lecomte er ritstjóri tímaritsins *Objectifs Rhône Alpes* og Loïc Tanant er einn blaðamanna þess. Í nóvember árið 2000 birtist grein í ritinu undir yfirskriftinni „Saint Etienne banki – þingmaður í slæmum málum“. Greinin var m.a. byggð á skýrslu opinberrar eftirlitsnefndar, sem og skýrslu Caisse d'Épargne banka. Í greininni var sagt að C, varaborgarstjóri Saint Etienne og formaður eftirlitsstjórnar Caisse d'Épargne banka, hefði gerst sekur um að misnota stöðu sína í þeim tilgangi að hagnast persónulega.

Í nóvember árið 2002 kærði C kærendur fyrir brot á hegningarlögum með því að þeir hefðu vegið að æru hans í greininni. Hann óskaði eftir því að ákærvaldið höfðaði refsímál á hendur kærendum. Í byrjun desember hófst formleg rannsókn á málinu og í nóvember árið 2001 var ákveðið að höfða refsímál gegn kærendum fyrir sakadómnum í Saint Etienne. Í málsvörn sinni fóru kærendur m.a. fram á að leggja fram sönnunargögn sem staðfestu þær staðhæfingar sem fram komu í greininni. Þeirri beiðni var hafnað og voru þeir sakfelldir í maí árið 2002.

Með dómi í október árið 2002 ógilti áfrýjunardómstóllinn í Lyon dóm sakadómsins og í september árið 2003 vísaði hann málinu til áfrýjunardómstólsins í Dijon. Kærendur óskuðu hins vegar eftir því að málinu yrði frestað þar til rannsókn á meintum brotum C væri lokið. Hvað varðaði staðreyndir málsins héldu kærendur því fram að þeir hefðu verið í góðri trú við gerð greinarinnar og að ekki væri um persónuleg óvild þeirra í garð C að ræða. Þannig hefðu þeir staðreynt allar heimildir sínar og gætt hófs í umfjöllun sinni um C. Kröfum þeirra var hins vegar hafnað og í ágúst árið 2004 voru þeir sakfelldir fyrir ærumeiðingar. Þeim var gert að greiða C bætur sem námu 19.000 evrum. Það var mat dómstólsins að kærendur hefðu misnotað rétt sinn sem fjölmiðils til gagnrýnninnar umfjöllunar og að þeir hefðu með grófum hætti vegið að æru C. Kærendur áfrýjuðu til æðsta dómstóls landsins en með dómi hans í september árið 2005 var kröfum þeirra hafnað. Þeim var gert að greiða 2.000 evrur í málskostnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að sakfelling franskra dómstóla vegna ærumeiðinga bryti í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að greininni, sem um var að ræða, hefði verið ætlað að upplýsa lesendur um háttarni nafngreinds einstaklings, C, en hann væri lýðræðislega kjörinn fulltrúi almennings. Í ljósi stöðu hans væru heimildir fjölmiðla til gagnrýnninnar umfjöllunar um hann rýmri en ef um óþekktan einstakling væri að ræða og þar sem greinin stuðlaði að umræðu sem varðaði almannahagsmuni væru heimildir stjórnvalda til að takmarka tjáningarfrelsi þrengri.

Dómstóllinn var ekki sammála frönskum dómstólum um að kærendur hefðu ekki verið í góðri trú, að þeir hefðu sýnt persónulega óvild í garð C og að þeir hefðu ekki staðreynt með fullnægjandi hætti heimildir sínar. Í þessu sambandi benti dómstóllinn sérstaklega á að kærendur hefðu boðist til að leggja fram gögn sem staðfest gætu ásakanir þeirra sem birtar væru í greininni. Því hefði hins vegar verið hafnað. Enn fremur benti dómstóllinn á að kærendur hefðu ekki fellt gildisdóma í greininni, þeir hefðu t.a.m. ekki fullyrt að C væri sekur, heldur hefði aðgátar verið gætt í umfjölluninni og engrar óvildar virðist gæta í framsetningu og efnistöfum. Greinin hefði jafnframt byggst á staðreyndum sem sóttu stoð sína í tvær skýrslur. Þær hefðu verið trúnaðarskjöl, sem voru án mótsagna, og önnur þeirra skýrsla opinbers aðila. Að auki benti dómstóllinn á að fjárhæðin, sem kærendum hefði verið gert að greiða, þ.e. samtals 21.000 evrur, hefði verið of há í tilviki sem þessu, þar sem um væri að ræða tímarit sem væri ekki dreift á landsvísu.

Að mati dómstólsins var takmörkunin á tjáningarfrelsi kærenda lögmæt sem slík. Hún hefði hins vegar verið úr hófi fram miðað við tilefnið. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Kærendum voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 21.000 evrur í miskabætur, þ.e. andvirði fjárhæðarinnar sem þeim hafði verið gert að reiða af hendi vegna sakfellingarinnar fyrir frönskum dómstólum. Í ljósi niðurstöðu dómstólsins um brot á 10. gr. sáttmálans var ekki talin ástæða til að dæma þeim frekari bætur. Þar sem þeir höfðu ekki gert kröfu um greiðslu málskostnaðar tók dómstóllinn ekki afstöðu til greiðslna að því leyti.

Karsai gegn Ungverjalandi

Dómur frá 1. desember 2009

Mál nr. 5380/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, László Karsai, er ungverskur sagnfræðingur og háskólaprófessor. Hann er fæddur árið 1950 og býr í Búdapest. Árið 2004 fór fram í Ungverjalandi opinber umræða um það hvort reisa skyldi stytta til minningar um Pál Teleki, forsætisráðherra Ungverja í seinni heimsstyrjöldinni. Undir

10. gr. Tjáningarfrelsi

forystu Teleki studdi Ungverjaland Þýskaland í stríðinu. Undir hans forystu var einnig sett löggjöf um mismunum gagnvart gyðingum í landinu. Kærandi skrifaði grein þar sem hann gagnrýndi hægrisinnaða fjölmiðla fyrir að fjalla með jákvæðum hætti um störf Pál Teleki og þær yfirlýsingar hans sem beindust gegn gyðingum. Kærandi fjallaði einnig um skrif einstaklings að nafni B.T. sem tekið hafði þátt í umræðunni.

B.T. höfðaði skaðabótamál gegn kæranda. Hann hélt því fram að skilja mætti hluta greinar kæranda á þá vegu að B.T. hefði látið í ljós þá afstöðu að berjast ætti gegn gyðingum. Ungverskur áfrýjunardómstóll féllst á málatilbúnað B.T. Kærandi var dæmdur til að gefa út leiðréttingu á grein sinni á eigin kostnað og bera kostnað af rekstri málsins. Hæstiréttur Ungverjaland staðfesti niðurstöðuna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að niðurstaða ungverskra dómstóla bryti gegn rétti hans til tjáningar samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Honum væri það m.a. óhæfilega þungbært og græfi undan trúverðugleika hans sem sagnfræðings að þurfa að að birta opinberlega leiðréttingu á fyrri skrifum.

Niðurstaða

Dómstóllinn sá ekki ástæðu til að gera athugasemd við þá niðurstöðu ungverskra dómstóla að hinar umdeildu staðhæfingar kæranda varðandi hægrisinnaða fjölmiðla í landinu mætti túlka sem svo að þar væri átt við B.T. og hefðu því áhrif á mannorð hans. Aftur á móti taldi dómstóllinn, ólíkt ungverskum dómstólum, að hin umdeilda staðhæfing hefði ekki verið sett fram sem staðreynd. Ef svo hefði verið þá hefði vernd 10. gr. sáttmálans fyrir kæranda verið takmarkaðri. Byggði dómstóllinn mat sitt á því að kærandi hefði verið dæmdur fyrir að halda því fram að þeir sem bæru blak af stjórnmálamanni sem sýnt hefði andúð á gyðingum tækju í raun þátt í því að gera lítið úr kynþáttahyggju viðkomandi.

Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði með greinarskrifunum tekið þátt í mikilvægri almennri umræðu sem varðaði uppgjör Ungverja við einræðisstjórn fyrri ára. Í slíkum tilvikum yrði að veita víðtæka vernd og vísaði dómstóllinn til mikilvægis fjölmiðla í lýðræðisríkjum. Dómstóllinn benti enn fremur á að B.T. hefði einnig tekið þátt í þessari umræðu með því að rita greinar sem voru gefnar út í víðlesnum dagblöðum. Af þessum sökum hefði hann gefið öðrum kost á að gagnrýna skrif sín á opinberum vettvangi.

Afstaða dómstólsins var að það væri verulega íþyngjandi fyrir kæranda að skylda hann til að leiðrétta fyrri skrif sín. Leit dómstóllinn þá sérstaklega til starfsheiddurs kæranda sem sagnfræðings og að dómur gegn honum hefði ákveðin þöggunaráhrif. Dómstóllinn taldi að ungverskir dómstólar hefðu ekki rökstutt með sannfærandi hætti að mikilvægara væri að vernda mannorð þátttakanda í

10. gr. Tjáningarfrelsi

opinberri umræðu frekar en tjáningarfrelsi kæranda og þá hagsmuni sem fælust í þeirri vernd, en um væri að ræða umræðu sem varðaði almannahagsmuni. Af þessu leiddi að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 4.000 evrur í miskabætur.

Financial Times o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 15. desember 2009

Mál nr. 821/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Skylda til að afhenda gögn. Fjölmiðlar. Heimildarmenn.

1. Málsatvik

Kærendur eru rekstrarfélög fjögurra dagblaða og fréttabjónusta: Financial Times, Independent News & Media, Guardian, Times og Reuters. Kærendum hafði verið gert að afhenda gögn til belgíska bruggfyrirtækisins Interbrew en gögnunum hafði verið lekið úr fyrirtækinu til kæranda. Af gögnunum mátti ráða hver hafði lekið upplýsingunum til kæranda.

Dagblaðið Financial Times (FT) fékk í nóvember 2001 gögn frá einstaklingnum X sem vörðuðu mögulegt yfirtökutilboð Interbrew í bruggfyrirtækið South African Breweries (SAB). Sama dag hringdi blaðamaður FT í ráðgjafa Interbrew hjá fjárfestingabankanum Goldman Sachs. Blaðamaðurinn tilkynnti ráðgjafanum að blaðinu hefðu áskotnast umrædd gögn og að blaðið ætlaði sér að fjalla um efni þeirra. Blaðið fjallaði um efni gagnanna á heimasíðu sinni að kvöldi sama dags. Í greininni var vísað til gagnanna og tekið fram að Interbrew ætlaði sér að taka yfir SAB. Á næstu dögum fjölluðu dagblöðin The Times, The Guardian og The Independent um yfirtökutilboðið og vísuðu til gagnanna sem var lekið. Eftir að Interbrew gaf út yfirlýsingu um málið héldu blöðin áfram umfjöllun sinni en gátu þess að mögulegt væri að átt hefði verið við gögnin sem upphaflega fréttin í málinu byggðist á. Fréttaumfjöllunin hafði veruleg áhrif á markaðsvirði Interbrew og SAB.

Ráðgjafafyrirtæki Interbrew í öryggismálum, Kroll, reyndi að hafa uppi á þeim sem lak gögnunum en án árangurs. Kroll benti Interbrew á að ef fyrirtækið gæti komist að því hvaða gögnum hefði nákvæmlega verið lekið væri e.t.v. hægt að greina hver stóð að baki lekanum. Í kjölfarið höfðu Interbrew mál gegn kærendum til að endurheimta gögnin. Dómstólar féllust á að kærendum bæri að skila hinum umdeildu gögnum til Interbrew. Sérstaklega var byggt á að X hefði viljandi látið rangar upplýsingar fylgja með trúnaðargögnunum og að það hefði haft alvarlegar afleiðingar fyrir Interbrew á hlutabréfamarkaði. Í þágu réttvísinnar væri því brýnt að gögnin yrðu látin af hendi. Bent var á að þeir almannahagsmunir sem mæltu með því að vernda þann sem lak gögnunum væru ekki nægjanlegar til að standa í vegi fyrir þeim ríkjandi almannahagsmunum

10. gr. Tjáningarfrelsi

sem Interbrew hefði af því að fá rétti sínum fullnægt gagnvart X. Sérstaklega var byggt á því að X hefði greinilega haft það að markmiði að eyðileggja fyrir Interbrew í hagnaðar- eða hefndarskyni. Lávarðadeild breska þingsins hafnaði umleitan kæranda um að hún fjallaði um áfrýjun málsins. Í kjölfar málaloka fyrir enskum dómstólum neituðu kærendur að afhenda gögnin. Dómsúrskurði um að þeim bæri að afhenda gögnin var ekki fullnægt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur byggðu kæru sína á því að dómsúrskurðurinn um að þeim bæri að afhenda gögnin bryti í bága við 8. og 10. gr. sáttmálans. Bentu þeir á að ef gögnin yrðu afhent gæti það leitt til þess að hægt yrði að komast að því hver heimildarmaður þeirra væri. Kærendur byggðu einnig á því að málsmeðferð í einkamáli sem Interbrew höfðaði gegn heimildarmanninum til að fá greiddar skaðabætur en einnig til að koma í veg fyrir frekari leka hefði brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að dómsúrskurðurinn um að kærendum bæri að afhenda hin umræddu gögn hefði raskað tjáningarfrelsi þeirra. Úrskurðurinn var reistur á meginreglu sem studdist við fordæmi, en hún fól í sér að tæki einstaklingur, sem ekki hefði brotið af sér, þátt í brotum annarra, bæri honum skylda til að aðstoða þann sem brotið var á með því að veita upplýsingar um þann sem framið hefði brotið. Einnig byggði hann á skráðum reglum um réttarfarabrot. Báðar þessar reglur voru taldar reistar á lögmætu markmiði, þ.e. að vernda rétt annarra og koma í veg fyrir opinbera birtingu trúnaðarupplýsinga.

Dómstóllinn tók til skoðunar hvort meintur ásetningur X og sá vafi sem léki á um áreiðanleika gagnanna skiptu máli við umfjöllun um kæru kæranda. Dómstóllinn taldi svo ekki vera og vísaði til þess að hvorugt atriðið hefði verið sannað nægilega vel við meðferð málsins gegn kærendum.

Enn fremur benti dómstóllinn á að þótt að Interbrew hefði vitað fyrirfram af því að til stæði að birta grein sem byggðist á gögnunum hefði fyrirtækið ekki reynt að fá lögbann á útgáfuna. Afhjúpun heimildarmanns til að koma í veg fyrir frekari leka væri einungis réttlæt看leg í undantekningartilvikum ef annað raunhæft og léttvægara úrræði væri ekki til staðar. Dómstóllinn benti á að þrátt fyrir að ráðgjafafyrirtækinu Kroll hefði ekki tekist að hafa upp á X hefði ekki legið fyrir við meðferð málsins hjá dómstólum hvernig rannsókn fyrirtækisins var háttað. Áfrýjunardómstóll í málinu hefði einvörðungu ályktað að Kroll hefði reynt eins og hægt var að finna út hver X væri.

Dómstóllinn fjallaði síðan um hversu slæmt það væri fyrir ímynd fjölmiðla ef þeir þyrftu að aðstoða við að hafa uppi á ónafngreindum heimildarmönnum sínum. Þessir hagsmunir og hagsmunir almennings af verndun heimildarmanna blaðamanna voru taldir vega þyngra en hagsmunir Interbrew af því að koma í

10. gr. Tjáningarfrelsi

veg fyrir frekari leka úr fyrirtækinu og fá X dæmdan til að greiða fyrirtækinu skaðabætur. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Dómstóllinn sá ekki ástæðu til að fjalla um meint brot gegn 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar 160 þúsund evrur í málskostnað.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Danilenkov o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 30. júlí 2009

Mál nr. 67336/01

11. gr. Funda- og félagafrelsi

14. gr. Bann við mismunun

Stéttarfélag. Mismunun á grundvelli aðildar að stéttarfélagi. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.

1. Málsatvik

Kærendur eru 32 rússneskir ríkisborgarar, fæddir á árunum 1936-1971 og búsettir í Kalíníng-rad í Rússlandi. Kærendur eru allir meðlimir Kalíníng-rad-eildar stéttarfélags hafnarverkamanna í Rússlandi (DUR).

Þann 14. október 1997 hófu meðlimir DUR tveggja vikna verkfall í þeim tilgangi að knýja fram hærri laun, betri vinnuáðstæður og heilbrigðis- og líftryggingar. Verkfallinu lauk án þess að nokkur árangur næðist. Að verkfalli loknu voru meðlimir DUR m.a. færðir til í starfi, starfshlutfall þeirra minnkað og var þeim að lokum sagt upp vegna skipulagsbreytinga í fyrirtækinu.

Kærendur höfðuðu fjölda mála á hendur fyrirtækinu og töldu að þeir hefðu orðið fyrir ólögmeðri mismunun á grundvelli aðildar sinnar að stéttarfélaginu. Fallist var á kröfur þeirra um greiðslu skaðabóta vegna missis launatekna, en hins vegar var ítrekað vísað frá kröfum kærenda um að þeim hefði verið mismunað á grundvelli félagsaðildar þar sem slíkar kröfur væri einungis hægt að hafa uppi í refsímálum. Hins vegar var um einkamál að ræða og hefðu dómstólar því ekki vald til að skera úr um slíkt álítaefni. Embætti saksóknara hafnaði jafnframt kröfu kærenda um að hefja opinbera rannsókn gegn framkvæmdastjóra fyrirtækisins, þar sem frumathugun máls hefði ekki leitt í ljós beinan ásetning framkvæmdastjórans um að mismuna kærendum vegna félagsaðildar þeirra.

Meðlimir í DUR kvörtuðu til Alþjóðasambands flutningaverkamanna og héraðsþings Kalíníng-rad, sem töldu að um mismunun á grundvelli félagsaðildar hefði verið að ræða og kröfðust þess að réttindi kærenda yrðu virt. Þrátt fyrir ítrekaðar niðurstöður dómstóla um að fyrirtækinu bæri að breyta afstöðu sinni til aðildar starfsmanna sinna að DUR fækkaði meðlimum í félaginu úr 290 í 24 á árunum 1999-2001.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur héldu því fram að ríkið hefði brotið gegn 11. og 14. gr. sáttmálans með því að láta hjá líða að grípa til aðgerða vegna stefnu vinnuveitanda þeirra sem hefði falið í sér mismunun á grundvelli félagsaðildar og með því að neita að hefja rannsókn á kvörtun þeirra, en slíkt úrræði hefði skort að landslögum.

Niðurstæða

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt 1. mgr. 11. gr. væri frelsi til að stofna eða ganga í stéttarfélag til verndar hagsmunum sínum ein tegund félagafrelsis. Kærendur hefðu notið verndar ríkisins, þar sem dómstólar höfðu m.a. mælt fyrir um skyldu vinnuveitanda þeirra til greiðslu skaðabóta vegna missis launatekna. Dómstóllinn liti hins vegar til allra þeirra aðgerða sem ríkið hefði gripið til, að teknu tilliti til mats við þær aðgerðir, þegar komist væri að niðurstöðu um hvort brotið hefði verið gegn félagafrelsi kærenda. Lagði dómstóllinn sérstaka áherslu á að hver starfsmaður eða verkamaður ætti að vera frjálst til að velja hvort hann væri meðlimur í stéttarfélagi eða ekki, án þess að eiga á hættu að sæta viðurlögum í einhverri mynd. Réttindi 11. gr. ættu við um alla menn og í ákvæðinu fælist jafnframt réttur til að vera ekki mismunad þó svo einstaklingur kysir að standa utan stéttarfélags. Aðgerðir ríkisins hefðu því átt að miða að því að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli aðildar að stéttarfélagi, en það væri eitt viðurhlutamesta brot á félagafrelsi einstaklinga og gæti haft mikil áhrif á starfsemi og tilvist stéttarfélags.

Jafnframt væri mikilvægt að einstaklingar, sem hefðu orðið fyrir mismunun á grundvelli félagsaðildar ættu kost á að kvarta yfir henni og rétt til þess að höfða mál til heimtu skaðabóta. Af ákvæðum 11. og 14. gr. sáttmálans væri því leidd sú skylda ríkis að tryggja raunverulega og virka vernd gegn mismunun á grundvelli aðildar að stéttarfélagi.

Dómstóllinn tók fram að hafnarfyrirtækið í Kalínínggrad hefði beitt margvíslegum aðferðum til að hvetja starfsmenn sína til að ganga úr DUR, m.a. með því að lækka laun þeirra og beita þá agaviðurlögum. Með hliðsjón af þeirri staðreynd og niðurstöðum dómstóla og héraðsþings Kalínínggrad væri ljóst að neikvæð áhrif aðildar kærenda að DUR væri mismunun á grundvelli félagsaðildar. Í landsrétti væri fortakslaust bann við mismunun eftir því hvort einstaklingar væru félagar í stéttarfélagi eða ekki, en samt sem áður hefðu yfirvöld neitað að rannsaka kvartanir kærenda um mismunun þar sem um einkamál væri að ræða. Þar sem ekki hafði tekist að sýna fram á beinan ásetning háttsettra starfsmanna fyrirtækisins um að mismuna einstaklingum eftir félagsaðild, sem væri skilyrði fyrir rannsókn saksóknara á kvörtun kærenda um mismunun, hefðu kærendur ekki getað krafist þess að refsímál yrði höfðað á hendur þeim. Taldi því dómstóllinn einróma að kærendum hefði ekki verið veitt nægilega virk vernd gegn mismunun á grundvelli aðildar að stéttarfélögum og hefði ríkið gerst brotlegt við 14. gr. sáttmálans, sbr. 11. gr. hans.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdi dómstóllinn hverjum kærenda 2.500 evrur í skaðabætur.

Kimlaya o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 1. október 2009

Mál nr. 76836/01 og 32782/03

Sjá reifun dómsins undir 9. gr.

Skráð trúfélög. Skilyrði skráningar.

14. gr. Bann við mismunun

Danilenkov o.fl. gegn Rússlandi

Dómur frá 30. júlí 2009

Mál nr. 67336/01

Sjá reifun dómsins undir 11. gr.

Stéttarfélag. Mismunun á grundvelli aðildar að stéttarfélagi. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.

34. gr. Kærur einstaklinga

Micallef gegn Möltu

Dómur frá 15. október 2009 - Yfirdeild

Mál nr. 17056/06

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Polandi brots. Gildissvið 6. gr. Óvilhallur dómstóll.

35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt

Micallef gegn Möltu

Dómur frá 15. október 2009 - Yfirdeild

Mál nr. 17056/06

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Polandi brots. Gildissvið 6. gr. Óvilhallur dómstóll.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Zehentner gegn Austurríki

Dómur frá 16. júlí 2009

Mál nr. 20082/02

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Friðhelgi heimilis. Nauðungarsala á íbúð. Gerhæfi.

Joubert gegn Frakklandi

Dómur frá 23. júlí 2009

Mál nr. 30345/05

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Skattlagning. Afturvirkni laga.

1. Málsatvik

Kærendur, François Joubert og kona hans, Monique Joubert, eru franskir ríkisborgarar, fædd árin 1944 og 1949 og búsett í Saint-Romain-la-Virvée í Frakklandi.

Árið 1990 seldu kærendur öll hlutabréf sín í fyrirtækinu M til fyrirtækisins B. Við endurskoðun viðskiptareikninga síðarnefnda fyrirtækisins lagði skatt-rannsóknarstjóri viðbótarskatt á kærendur vegna ávinnings sem þau höfðu af sölu hlutabréfanna, þar sem ágóðinn hefði numið meira en fjórum milljónum franka. Jafnframt voru kærendur sektaðir og talið var þau hefðu ekki verið í góðri trú við söluna.

Í janúar 1995 kærðu kærendur þessa ákvörðun til skattyfirvalda og kröfðust þess að viðbótarskattur og sektir yrðu felldar niður en án árangurs. Í september sama ár áfrýjuðu þau niðurstöðunni til stjórnarsýsludómstóls og héldu því fram að skatttrannsóknarstjóri hefði farið út fyrir valdheimildir sínar við álagninguna.

Þann 31. desember 1996 voru fjárlög fyrir árið 1997 birt. Með 122. gr. laganna voru settar nýjar heimildir fyrir skattyfirvöld til að framkvæma tilteknar rannsóknaraðgerðir. Skattyfirvöld héldu því fram að þær heimildir ættu við um mál kærenda.

Í dómi sínum frá 8. júní 1999 taldi stjórnarsýsludómstóllinn að ekki væri hægt að beita ákvæði 122. gr. fjárlaga fyrir árið 1997 með afturvirkum hætti í máli kærenda, þar sem ekki væri fullnægt skilyrðinu um að ákvæðið þjónaði almannahagsmunum, en það væri eini grundvöllur þess að beiting lagareglna með afturvirkum hætti gæti verið réttlætt. Dómstóllinn mælti því fyrir um að viðbótarskattlagningin og sektin yrðu dregin til baka á grundvelli þess að skatt-rannsóknarstjóri hefði ekki haft heimild að lögum til að rannsaka skattaleg málefni kærenda þar sem þau hefðu ekki verið hluthafar í fyrirtækinu B, sem verið var að rannsaka.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Báðir aðilar áfrýjuðu niðurstöðu málsins og þann 10. febrúar 2004 féll dómur áfrýjunardómstóls þar sem ákvæði 122. gr. laganna var beitt í máli kæranda og talið að skattranssóknarstjóri hefði haft vald til að rannsaka skattaleg málefni þeirra, en að álagning sektarinnar hefði verið óréttmæt og væru kærundur því undanþegin greiðslu hennar.

Þann 9. júlí 2004 greiddu kærundur samtals 121.140 evrur vegna viðbótarskattlagningarinnar. Áfrýjun kæranda var hafnað í febrúar 2005.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærundur töldu að við meðferð málsins fyrir dómi hefði lagaákvæði verið beitt með afturvirkum hætti með þeim afleiðingum að niðurstaða málsins varð þeim í óhag. Með því hefði ríkið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við sáttmálan.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að fyrir setningu fjárlaga fyrir árið 1997 og með hliðsjón af ákvörðun áfrýjunardómstóls og dómaframkvæmdar stjórnsludómstóla hefðu kærundur átt fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem teldust eign í skilningi ákvæðisins. Kærundur hefðu haft lögmatar væntingar til þess að geta fengið endurgreiðslu hinnar umdeildu fjárhæðar með því að vísa málinu til stjórnsludómstóls.

Við endanlega ákvörðun í máli kæranda hefði ákvæði 122. gr. fjárlaga fyrir árið 1997 leitt með afturvirkum hætti til eignaskerðingar. Ekki var ágreiningur milli aðila um að mælt hafði verið fyrir um takmörkun með lögum.

Hins vegar taldi dómstóllinn að umrædd beiting lagaákvæðisins hefði ekki verið talin þjóna almannahagsmunum. Dómstóllinn benti á að markmið ákvæðisins var að sögn franska ríkisins að koma í veg fyrir auknar málsóknir skattgreiðanda gegn ríkinu. Dómstóllinn tók fram að beiting fyrrnefnds ákvæðis hefði komið í veg fyrir að kærundur gætu borið fyrir sig að skattranssóknarstjóri hefði farið út fyrir valdsvið sitt. Hefðu kærundur því verið svipt eign sinni, sem þau hefðu getað búist við að fá endurgreidda. Dómstóllinn taldi því að með lögleiðingu ákvæðis 122. gr. fjárlaga hefði eignarréttur kæranda verið takmarkaður og að ekki hefði verið gætt sanngjarns jafnvægis af hálfu ríkisins. Þar sem ekki hefði verið gætt að verndun eignarréttinda þeirra var það einróma álit dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálan.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kærendum dæmdar 10.000 evrur í málskostnað.

Amato Gauci gegn Möltu
Dómur frá 15. september 2009.
Mál nr. 47045/06

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar
Takmarkanir á uppsögn leigusamnings. Kostnaður leigusala.

1. Málsvik

Kærandi, Philip Amato Gauci, er maltneskur ríkisborgari, fæddur árið 1939 og búsettur í Msida á Möltu. Á tíunda áratug síðustu aldar erfði kærandi íbúð í bænum Sliema á Möltu eftir foreldra sína. Faðir kæranda hafði frá árinu 1975 leigt íbúðina til hjóna (P) fyrir 90 maltenskar lírur (u.þ.b. 210 evrur). Leigusamningurinn var til 25 ára og skyldi leigusali fá íbúðina aftur til umráða að þeim tíma loknum. Í apríl árið 2000 tilkynnti kærandi hjónunum að hann myndi ekki framlengja leigusamninginn og að þau ættu að yfirgefa íbúðina. Þau svöruðu kæranda að þau hygðust nýta sér rétt samkvæmt tilteknum lögum frá árinu 1979 um að leigjandi fengi að halda áfram afnotum íbúðar án samþykkis eigandans.

Kærandi höfðaði dómsmál til viðurkenningar því að hann hefði verið sviptur eign sinni án þess að fá fullnægjandi bætur fyrir. Kröfum hans var hafnað af maltneskum dómstólum í maí 2006. Niðurstaða þeirra var að lögin, sem um var deilt, fjölluðu einungis um takmarkanir á notkun eignar og væru bæði lögmætar og í þágu almannahagsmuna, þ.e. til þess fallnar að koma í veg fyrir brottrekstur leigjenda úr íbúðum sínum. Þrátt fyrir að fallist væri á að þær hámarksbætur sem kærandi hefði átt kost á væru lágar (180 maltenskar lírur á ári eða um 420 evrur) þá væru þær hærri en það sem kærandi hefði átt kost á samkvæmt öðrum leigulögum í landinu. Því hefði ekki verið brotið gegn eignarréttindum kæranda. Samkvæmt mati sem kærandi byggði máltilbúnað sinn á var mánaðarleiga íbúðar kæranda á leigumarkaði um 120 maltenskar lírur (u.þ.b. 280 evrur).

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á 1. gr. 1. viðaukans. Hann taldi að lögin frá 1979 legðu á hann einhliða leigusamband um óákveðinn tíma án sanngjarns og nægjanlegs endurgjalds.

Niðurstaða

Ekki var um það deilt að takmörkunin á rétti kæranda væri í samræmi við lög og stefndi að lögmætu markmiði. Dómstóllinn benti hins vegar á að kærandi gæti ekki nýtt sér eigið húsnæði þar sem leigusamningnum við leigjendurna yrði ekki slitið. Leigurétturinn gengi í arf og litlar líkur taldar á því að leigjendurnir yfirgæfu íbúðina. Kærandi ætti heldur ekki vöð á úrræði sem gerði honum kleift að bera leigjendurna út úr íbúðinni eða fá fullnægjandi leigu

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

fyrir hana. Af þessu leiddi að ekki væri gætt jafnvægis milli hagsmuna leigjenda og húseigjenda.

Dómstóllinn komst þess vegna að þeirri niðurstöðu að sú byrði sem lögð hefði verið á kæranda hefði ekki verið í samræmi við tilefni og að hún hefði verið óhófleg. Dómstóllinn byggði niðurstöðu sína sérstaklega á þeirri óvissu, sem kærandi væri í um hvort hann myndi endurheimta eign sína. Þá kváðu lögin ekki á um nein formleg úrræði honum til handa vegna þeirrar óvissu. Dómstóllinn leit einnig til þeirra lágu bóta sem kærandi átti kost á vegna skerðingarinnar og þá sér í lagi í ljósi þess hve lífsgæði á Möltu höfðu aukist síðustu áratugi. Í raun hefði kærandi verið látinn bera félagslegan og fjárhagslegan kostnað hjónanna P vegna húsnæðis þeirra. Maltneska ríkið hefði því brotið gegn 1. gr. 1. viðauka með því að gæta ekki sanngjarns jafnvægis milli almanna-hagsmuna og friðhelgi eignarréttar kæranda.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 15.025 evrur í bætur fyrir fjártjón og 1.500 evrur í miskabætur auk 3.500 evra fyrir málskostnaði.

Moskal gegn Póllandi

Dómur frá 15. september 2009

Mál nr. 10373/05

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Félagslegar bætur. Lækkun bóta vegna ofgreiðslu.

1. Málsatvik

Kærandi, Maria Moskal, er pólskur ríkisborgari, fædd árið 1955 í Glinik Chorzewski í Póllandi. Hún fæddi barn árið 1994 og er barnið haldið asma, ýmiss konar ofnæmi og fær endurtekna sýkingar. Kæra Moskal var sú fyrsta sem dómstóllinn fjallaði um af 120 kærum sem varða afturköllun á greiðslum lífeyris sem foreldrar barna í Póllandi með varanleg heilsufarsvandamál fengu greiddan að því er haldið var fram fyrir mistök.

Í ágúst árið 2001 sótti Moskal um að greiðslur lífeyris til sín hæfust fyrr en vant væri með vísan til þess að barn hennar þyrfti stöðuga umönnun. Fallist var á beiðni hennar og frá og með 1. september fékk hún greiddan lífeyri og um leið hætti hún í starfi sem hún hafði þá stundað í 30 ár. Hún fékk útgefið auðkenniskort lífeyrisþega sem á stóð að gildistími kortsins væri ótakmarkaður. Moskal fékk greiddan lífeyri næstu 10 mánuði þar á eftir. Í júní árið 2002 ákvað félagsmálanefnd að stöðva greiðslur til Moskal frá og með 1. júlí 2002. Nefndin taldi einkum að gögn sem fylgdu umsókn Moskal árið áður hefðu verið ófullnægjandi.

Hæstiréttur Póllands komst að þeirri niðurstöðu að endurupptaka málsins hjá félagsmálanefndinni hefði verið réttlætanleg af því að stjórnmöld hefðu ekki tekið eftir því að mikilvæg gögn skorti í máli Moskal fyrr en eftir að ákvörðunin um að veita lífeyrinn hafði verið tekin. Moskal var ekki gert að endurgreiða þann lífeyri sem hún hafði þegar fengið greiddan.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Frá 1. júlí 2002 til 25. október 2005 fékk Moskal engar félagslegar greiðslur og hélt því fram að hún hefði raunar ekki haft neinar tekjur á tímabilinu. Þann 25. október 2005 veitti atvinnumálaskrifstofa Moskal lífeyri sem nam 50% af þeim mánaðargreiðslum sem hún hafði áður fengið. Þessar greiðslur voru veittar afturvirkir með eingreiðslu frá 25. október 2002 en án vaxta.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á 6. og 8. gr. auk 1. gr. 1. viðauka. Kærandi hélt því fram að pólsk stjórnvöld hefðu svipt hana eign sinni eftir ósanngjarna málsmeðferð.

Niðurstaða

Dómurinn tók fram að kærandi hefði öðlast eignarréttindi í kjölfar ákvörðunar félagsmálanefndarinnar árið 2001 og að ákvörðunin hefði verið í gildi í 10 mánuði áður en stjórnvöld urðu þess vör að mistök höfðu verið gerð. Málið hefði tekið tvö ár í meðferð hjá pólskum dómstólum og á meðan hefði Moskal ekki fengið neinar félagslegar bætur.

Dómstóllinn tók fram að stjórnvöld yrðu að sýna fyllstu nærgætni þegar fengist væri við málefni sem væru einstaklingum sérlega mikilvæg eins og ætti við um félagslegar bætur. Þrátt fyrir að stjórnvöld þyrftu að geta leiðrétt mistök sín þá yrðu þau að komast hjá því að raska högum borgaranna um of.

Með ákvörðun pólskra yfirvalda árið 2002 um að hætta að greiða kæranda lífeyri með vísan til þess að hann hefði verið veittur á röngum forsendum hefði kærandi skyndilega glatað einu tekjulind sinni sem hún hafði notið í 10 mánuði. Þrátt fyrir að hún hefði getað kært ákvörðunina til dómstóla þá hefðu þeir verið tvö ár að leysa úr málinu. Á þeim tíma hefði kærandi ekki hlotið neinar félagslegar greiðslur. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld hefðu ekki brugðist nægilega skjótt við mistökum sínum. Viðbrögðin hefðu hvorki verið í samræmi við tilefnið né hefðu þau verið samræmd innbyrðis.

Dómstóllinn viðurkendi hins vegar að væri stjórnvöldum óheimilt að leiðrétta mistök af þessu tagi gæti það verið ósanngjarnt gagnvart öðrum sem greiddu til félagslegra tryggingakerfa. Engu að síður taldi dómstóllinn að þessi sjónarmið gætu ekki ráðið úrslitum þegar einstaklingur, sem í hlut ætti, þyrfti að bera óhóflegar byrðar. Dómstóllinn leit í þessu sambengi til þess að kærandi hefði misst einu tekjur sínar og byggi á svæði þar sem henni hefði verið erfitt að fá nýja vinnu. Þrátt fyrir að kærandi hefði með ákvörðun í október 2005 fengið greiddan lífeyri afturvirkir hefðu engir vextir fylgt þeirri fjárhæð. Mistök stjórnvalda hefðu því leitt til þess að kærandi hefði einungis fengið helming af væntanlegum tekjum og það eftir þriggja ára málsmeðferð. Með vísan til þessa taldi dómstóllinn að ekki hefði verið jafnvægi á milli almannahagsmuna og krafna um vernd grundvallarréttinda einstaklinga í umræddum athöfnum pólska ríkisins. Byrðin sem var lögð á kæranda hefði verið óhófleg.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Af þessum sökum reyndist ekki nauðsynlegt að meta kærana sérstaklega varðandi 6. og 8. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. voru kæranda dæmdar 15.000 evrur í bætur fyrir fjártjón og miska.

Þrír dómarrar skiluðu sameiginlegu séráliti þar sem fallist var á niðurstöðu meirihlutans að hluta.

Schembri o.fl. gegn Möltu

Dómur frá 10. nóvember 2009

Mál nr. 42583/06

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Eignarnám. Almanahagsmunir. Bætur fyrir eignarnám. Réttur til málsmeðferðar innan hæfilegs tíma.

1. Málsatvik

Kærendur eru eigendur tveggja landsvæða, A og B, í Ghaxaq á Möltu. Svæði A er 71,5 fermetrar en svæði B eru rúmir 1.930 fermetrar. Árið 1974 lýstu stjórnvöld yfir að þau hygðust kaupa svæðin tvö en ella taka þau eignarnámi og nýta í almannabágu. Sama ár voru kærendum boðnar 81 maltnesk líra (u.þ.b. 189 evrur) fyrir svæði A og 2.905 maltneskar lírur (u.þ.b. 6.762 evrur) fyrir svæði B. Kærendur höfnuðu tilboðinu.

Árið 1990 hófst málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd vegna eignarnámsbóta. Nefndin fyrirskipaði kærendum þann 13. nóvember 1995 að láta stjórnvöldum í té svæðin tvö. Nefndin kvað á um að stjórnvöldum bæri að greiða kærendum 277,75 maltneskar lírur (u.þ.b. 647 evrur) fyrir landsvæði A og 7.099,94 maltneskar lírur (u.þ.b. 16.512 evrur) í bætur fyrir landsvæði B. Kærendur höfðu lagt fram eigið sérfræðilegt mat á virði svæðanna. Samkvæmt því voru svæðin metin á samtals 105 þúsund lírur (u.þ.b. 243.830 evrur).

Kærendur höfðuðu mál fyrir dómstólum og héldu því fram að 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmálans hefði verið brotin þar sem landsvæðin hefðu ekki verið notuð í almannabágu og að úrskurðaðar bætur hefðu ekki verið fullnægjandi. Þeir bentu á að svæði A hefði verið úthlutað til einstaklings í þeim tilgangi að hann gæti reist bílskúr og garð við hús sitt. Svæði B hefði ekki verið nýtt fram til ársins 1979 þegar lítill minnisvarði var reistur á litlum hluta landsins. Að öðru leyti hefði landsvæðið ekki verið nýtt af stjórnvöldum í 25 ár. Ennfremur héldu kærendur því fram að maltnesk stjórnvöld hefðu brotið gegn 6. gr. sáttmálans með því að fresta því í 16 ár að hefja málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd vegna eignarnámsbóta en samkvæmt maltneskum lögum gátu einungis stjórnvöld hafið slíka málsmeðferð.

Maltneskir dómstólar töldu sannað að umrædd landsvæði hefðu að hluta verið notuð til veglagningar, almenningsgarða, strætisvagnstöðvar, minnis-

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

varða og fjögurra bílskúra. Bílskúrnir voru ekki að fullu á hinu umrædda landsvæði og einn þeirra hýsti rafstöð í almannaþágu. Af þessum sökum var talið að landið hefði verið nýtt í almannaþágu og jafnvel þótt landsvæðið hefði verið ónotað um nokkra hrið þá væri það eðlilegt vegna framkvæmda sem þessara. Auk þess var talið að bæturnar hefðu verið metnar á grundvelli hlutlægra viðmiða sem fram komu í lögum. Ekki var talið útilokað að heimilt væri að úthluta landi sem tekið væri eignarnámi í almannaþágu til einkaaðila. Maltneskir dómstólar töldu einnig að úrskurðarnefnd vegna eignarnámsbóta hefði verið heimilt að byggja mat sitt á aðstæðum árið 1974 þegar landið hefði verið tekið eignarnámi. Verðmat kæranda hefði aftur á móti byggt á síðari tíma verðmati. Engu að síður var talið að óviðunandi töl hefði verið á meðferð málsins sem hefði brotið í bága við 6. gr. sáttmálans. Kærendum voru því dæmdar 600 maltneskar lírur í bætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu málalíbúnað sinn hjá dómstólnum einkum á 1. gr. 1. viðauka. Þeir bentu á að almannahagsmunir hefðu ekki réttlætt eignarnámið og að bæturnar sem greiddar voru fyrir landið hefðu ekki verið fullnægjandi. Þeir töldu einnig að þær bætur sem þeim voru dæmdar á grundvelli 6. gr. sáttmálans hefðu ekki verið fullnægjandi.

Niðurstæða

Um 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn tók fram að kærendur hefðu verið sviptir eignarrétti yfir landsvæðunum tveimur og að það hefði verið gert á grundvelli lagaheimildar. Dómstóllinn tók til skoðunar hvort eignarnámið hefði verið í þágu almannahagsmuna. Tekið var fram að skilyrðið um almannahagsmuni væri matskennt og að löggjafi hvers ríkis hefði vítt svigrúm til mats um hvort efnahagsleg eða félagsleg verkefni væru í þágu almannahagsmuna. Dómstóllinn myndi ekki taka það mat til endurskoðunar nema greinilegt væri að matið væri ekki byggt á málefnalegum sjónarmiðum. Dómstóllinn taldi að hið umdeilda eignarnám hefði verið í almannaþágu þótt almennir borgarar hefðu ekki bein not af viðkomandi eign. Dómstóllinn lagði síðan til grundvallar niðurstöðu maltneskra dómstóla um það hvaða not höfðu verið af landsvæðunum í kjölfar eignarnámsins þrátt fyrir að kærendur héldu öðru fram.

Þá tók dómstóllinn til skoðunar hvort gætt hefði verið meðalhöfs við eignarnámið m.t.t. þeirra almannahagsmuna sem því hefðu legið að baki. Tekið var fram að við slíkt mat skipti höfuðmáli hvort bæturnar hefðu verið í samræmi við þá réttindaskerðingu sem kærendur hefðu orðið fyrir. Dómstóllinn tók þó fram að 1. gr. 1. viðauka sáttmálans tryggði ekki rétt til fullra bóta við allar kringumstæður og að mikilvægi þeirra almannahagsmuna sem í húfi væru gætu réttlætt að ekki yrðu greiddar fullar bætur í samræmi við markaðsvirði. Dómstóllinn taldi hins vegar að í þessu tiltekna máli hefðu aðstæður ekki verið með svo sérstæðum hætti.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Dómstóllinn taldi enn fremur að sá langi tími sem leið frá því að eignarnámið fór fram þar til bætur voru greiddar til kæranda hefði ekki verið í samræmi við anda sáttmálans og að ekki skipti máli í því samhengi að vextir voru lagðir á bótafjárhæðina. Hvorki úrskurðarnefnd um eignarnámsbætur né maltneskir dómstólar hefðu ákvarðað sjálfar bæturnar fyrir eignarnámið m.t.t. þessa. Af þessum sökum taldi dómstóllinn að kærendum hefðu ekki verið greiddar bætur í samræmi við þá hagsmuni sem skertir voru með eignarnáminu og að maltnesk stjórnvöld hefðu brotið 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að þrátt fyrir að maltnesk stjórnvöld hefðu viðurkennt að brotið hefði verið á kærendum og greitt þeim bætur þá hefðu bæturnar verið a.m.k. 30 sinnum lægri en þær bætur sem mögulega hefðu verið ákvarðaðar hjá dómstólnum með hliðsjón af dómafördæmum. Aftur á móti hefðu kærandur ekki náð að láta reyna á þessa málsástæðu fyrir landsrétti þar sem þeir fullnægðu ekki réttarfarsskilyrðum landsréttar. Af þessum sökum hefði maltneskum stjórnvöldum ekki gefist færi á að leiðrétta málsmeðferðina í samræmi við 35. gr. sáttmálans. Þess vegna taldi dómstóllinn að ekki unnt að taka kærana til frekari meðferðar.

Gallisay o.fl. gegn Ítalíu - Yfirdeild

Dómur frá 22. desember 2009

Mál nr. 58858/00

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

41. gr. Sanngjarnar bætur

Eignarnám. Ákvörðun um bætur.

1. Málsatvik

Kærandur eru þrír ítalskir ríkisborgarar, Stefano Guiso-Gallisay, Gian Francesco Guiso-Gallisay og Antonella Guiso-Gallisay. Þau eru fædd 1959, 1948 og 1952. Árið 1977 tóku ítölsk yfirvöld yfir landsvæði í eigu kæranda á eyjunni Sardiníu. Markmið yfirtökunnar var að taka landið eignarnámi og hefja nýtingu á því. Yfirvöld tóku hins vegar landið hvorki eignarnámi né greiddu fyrir það nokkrar bætur. Kærandur höfðuðu því skaðabótamál gegn yfirvöldum fyrir ólögmeta yfirtöku á landinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að yfirtaka landsins hefði brotið gegn friðhelgi eignarréttar þeirra samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst á að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Dómstóllinn ákvað að víkja frá fyrri fordæmum sínum um beitingu 41. gr. sáttmálans. Áður hafði verið byggt á þeirri reglu að greiða bæri bætur fyrir

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

markaðsvirði eignarinnar auk þess tekjutaps sem fyrri eigandi hafði orðið fyrir vegna eignamissisins. Til að finna þessa fjárhæð hafði dómstóllinn beitt þeirri aðferð að leggja saman virði framkvæmda á landareign og virði lands á þeim tíma sem bæturnar voru dæmdar. Dómstóllinn taldi að þetta fyrirkomulag væri ekki réttlætanlegt enda gæti það leitt til þess að kærendur fengju mismunandi háar batur eftir því hvað yfirvöld létu gera á því landi sem þau tækju eignarnámi. Nauðsynlegt væri að miða virði lands við þá dagsetningu þegar eignarnámið átti sér stað og leiðréttu síðan miðað við þróun verðlags frá þeim tíma og til þess að dómur félli um að greiða bæri batur auk vaxta. Ef yfirvöld hefðu greitt einhverjar batur ætti að draga þá fjárhæð frá útreiknaðri bótafjárhæð. Með þessari aðferð taldi dómstóllinn að greiða bæri kærendum 1.803.374 evrur. Einnig bar ítalska ríkinu að greiða 45 þúsund evrur í miskabatur og 30 þúsund evrur í málskostnað.

Kærendur óskuðu þess að yfirdeild dómstólsins tæki afstöðu til þessa frávíks frá fyrri fordæmum dómstólsins. Yfirdeildin lagði áherslu á að unnt væri að beita hinni nýju reikniaðferð í landsrétti bæði hvað varðaði mál sem nú þegar væru til meðferðar og einnig í málum sem upp myndu koma í framtíðinni. Yfirdeildin taldi hins vegar að í stað þess að miða við þann tíma þegar ítalskur dómstóll lýsti því yfir að brotið hefði verið gegn eignarrétti kærenda bæri að miða við þann tíma þegar kærendur misstu yfirráðin yfir landsvæði sínu.

Kærendum voru því dæmdar 2.145.000 evrur í batur vegna eignarnámsins. Einnig voru þeim dæmdar 45 þúsund evrur í miskabatur og 35 þúsund evrur í málskostnað.

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Soile Lautsi gegn Ítalíu

Dómur frá 3. nóvember 2009

Mál nr. 30814/06

Sjá reifun dómsins undir 9. gr.

Réttur til að menntun samræmist trúarskoðunum. Trúarleg tákni.

